KEFJA (KEF, KAFÐA, KAFÐR), v. *to dip, put under water*; impers. *to be swamped, sink*, of a ship (skipit kafði undir þeim); refl., *kefjast, to dip oneself, duck, dive*.

KEFLA (-DA, -DR), v. *to gag* (a lamb).

KEFLI, n. *cylinder* (of wood), *stick*.

KEFLING, f. *gagging* (of lambs).

KEFLI-VÖLR, m. *cane, stick*, = kefli.

KEIKJA (-TA, -TR), v. *to bend backwards* (E. keikti hann aprt á bak).

KEIKR, a. *bent backwards* (bjúgr ílendum en keikr í hálsi).

KEILA, f. *a sea-fish allied to the cod*; *torsk* or *tusk*.

KEIPR (-S, -AR), m. *rowlock*.

KEIPULL, m. *a kind of boat, coble*.

KEISA (-TA, -TR), v. *to bend*.

KEISARA-DÓMR, m., -DÆMI, n. *empire*;

-HÖLL, f. *imperial castle*; -LIGR, a. *imperial*; -RÍKI, n. = -dœmi; -STÓLL, m. *imperial throne*.

KEISARI, m. *emperor*.

KEKTUNAR-MAÐR, = klektunar-maðr.

KELDA, f. (1) *well, spring*; (2) *bog, quagmire* (lá hestr hans í keldu).

KELFA (-DI, -T), v. *to calve*.

KELPA, f. *trap* (for otters).

KELTA, f. = kjalta.

KEMBA (-DA, -DR), v. (1) *to comb* (k. hár sitt); (2) *to card* (k. ull).

KEMPA, f. *champion, bold warrior* (bardagamaðr mikill ok kempa).

KENGR, m. (1) *a horseshoe-formed crook*; (2) *bend, bight*; kötrinn beygði kenginn, *arched its back*.

KENNA (-DA, -DR), v. (1) *to know, recognize* (Flosi kenndi Kára, er hann kom í stofuna); (2) *to know as one's own, claim* (k. sér land); (3) *to assign or attribute to one* (þá var ok ár um öll lönd, kenndu Svíar þat Frey); k. e-m barn, *to father a child upon one*; (4) k. e-m e-t, *to lay to one's charge, impute* (ef hann væri san-nr verks þessa, er honum var kennt); k. e-m um e-t, *to charge one with a thing* (þorgeirr vildi ekki, at bræðrum hans mætti um k.); (5) *to taste food or drink* (k. e-t or e-s); (6) *to feel, perceive*, with acc. and gen. (ek kennda þín eigi, er þú hvíldir á brjósti mér); k. sætan ilm, *to perceive a sweet smell*; k. hita (kulda) af e-u, *to feel heat (cold) from*; k. aflsmunar, liðsmunar, *to feel the odds*; hón kenndi í meira lagi, *she felt considerable pain*; absol., þá er þeir kómu upp í heiðina, kenndi at brá lit, *the colour was felt to change, it began to darken*; mér kennir heiptar við e-n, *I feel hatred against one*; k. niðr, *to touch the bottom* (en er skipin kenndu

niðr, þá gekk jarl á land); (7) *to show, bear witness of* (virðist mér ákall þetta meirr kenna ranglætis en réttvísi); (8) *to call, name*; k. e-t við e-n, *to call after one* (Helgi trúði á Krist, ok kenndi því við hann bústað sinn); (9) *in poetry, to call by a periphrastic name* (hvernig skal k. sól, vind); (10) k. e-m e-t, *to teach one a thing* (k. e-m rétta trú ok góða siðu); ek hefi kennt þér írsku at mæla, *I have taught thee to speak Irish*; (11) *to make one do a thing* (k. e-m bíta); (12) refl., kennast, *to seem, appear* (Ulfr kennist mér vitr maðr); recipr., svá var myrkt, at þeir kenndust eigi, *that they did not know one another*; goldit var honum þetta svá, at hann mun lengi kennast, *he was repaid for this in a way that he will long remember*; kennast við, *to recognize* (kenndist hann af því þegar við mennina); *to confess, acknowledge* (at þeir mætti við kenast sinn lítillik).

KENNANDI (pl. -ENDR), m. (1) *recognizer*; (2) *teacher, preacher*.

KENNAN-LIGR, a. *perceptible*.

KENNARI, m. *teacher, master*.

KENNI, n. *mark* (cf. 'einkenni').

KENNI-FAÐIR, m. = lærifaðir; -MAÐR, m. *teacher, cleric, priest*.

KENNIMANN-LIGR, a. *having the air of a priest, clerical*.

KENNIMANNS-SKAPR, m. *priesthood*.

KENNI-MARK, n. *mark* (= kenni).

KENNING (pl. -AR), f. (1) *teaching, doctrine, lesson, esp. of preaching*; kenna kenningar, *to preach*; (2) *mark of recognition*; (3) *a poetical periphrasis or descriptive name*.

KENNINGAR-NAFN, n. *surname*; -ORÐ, n. pl. *words of admonition*; -SONR, m. *alleged son*.

KENNI-SPEKI, f. *power of recognition*.

KENNSL, n. pl. (1) *recognition*; bera k. á e-n, *to know, recognize one*; (2) *a charge made on evidence*; hafa k. á e-m, bera k. á hendr e-m, *to charge one with a thing*.

KENNSLA, f. (1) *teaching, instruction*; (2) = kennsl (1).

KENPA, f. *champion* (= kempa).

KEPPA (-TA, -T), v. *to contend, strive hard*; k. um e-t, *to contend for or about a thing*; k. við e-n, *to contend with one*; refl., keppast, *to exert oneself*; k. við e-n, *to contend with or against one*; k. til e-s or um e-t, *to strive after, contend for a thing*.

KEPPI-LIGA, adv. *impetuously*.

KEPPR, m. *cudgel, club*.

KER, n. *tub, vessel, goblet*.

KERALD, n. *tub*.

KER-BAÐ, n. = ker-laug.

KERFI, n. *bunch, bundle* (mörg spjót, er bundin vóru í k.).

KER-LAUG, f. *bathing in a tub*.

KERLING (pl. -AR), f. (1) *woman, wife*; (2) *old woman*.

KERLINGA-VILLA, f. *old woman's tale, nonsense* (þat er nú kölluð -villa).

KERRA, f. *car, chariot* (k. sólarinnar).

KERSKI, f. *cheerfulness, fun* (= keski).

KERSKI-MÁL, n. *jest*; -MÁLL, a. *facetious*; -ORÐ, n. pl. *jokes*; -ORÐR, a. = -máll; -YRÐI, a. pl. = -orð.

KERTA-HJÁLMR, m. *chandelier*; -KLOFI, m. *snuffers*; -STIKA, f. *candlestick*.

KERTI, n. *wax candle, taper*.

KERTI-RAK, n. *candle-wick*; -STIKA, f. = kertastika; -SVEINN, m. *link-boy* (attendant on a great man).

KESJA, f. *a kind of halberd*.

KESJU-LAG, n. *a thrust with a halberd*.

KESKI, f. = kerski; -FIMR, a. *witty*.

KETIL-HADDA, f. *kettle-handle*; -HRÍM,

n. *kettle-grime, soot.*

KETILL (dat. KATLI, pl. KATLAR), m. *kettle, pot, cauldron* (í eldahúsinu var eldr mikill ok katlar yfir).

KETIL-TAK, n. *taking a hot stone out of a boiling kettle (as an ordeal).*

KETLINGR (-S, -AR), m. *kitten.*

KETTA, f. *she-cat; giantess.*

KEYPI-LIGA, adv. *after the manner of a bargain.*

KEYR, n. *choice, = kør.*

KEYRA (-ÐA, -ÐR), v. (1) *to whip, lash, prick on* (hann keyrði þá hest sinn); k. hest sporum, *to put spurs to a horse*; (2) *to ride* (keyrir síðan sem harðast til sinna manna); (3) *to fling* (S. bregðr honum á loft ok keyrir hann út á Rangá); k. e-n útbyrðis, *to fling overboard*; (4) *to drive, thrust* (k. nagla, k. sverð í höfuð e-m); Jórunn tók sokkana ok keyrði um höfuð henni, *J. struck her about the head with the stockings*; (5) *impers., e-n keyrir, one is driven, tossed, by the wind, waves* (fundu þeir eigi fyrr en þá keyrði á land upp); e-t keyrir ór hófi, *it exceeds all measure.*

KEYRI, n. *whip.*

KEYRIS-HÖGG, n. *lash.*

KEYTA, f. *foul water.*

KIÐ (gen. pl. KIÐA or KIÐJA), n. *kid.*

KIÐJA-MJÓLK, f. *kid's milk.*

KIÐLINGR (-S, -AR), m. *young kid.*

KIÐ-SKINN, n. *kid-skin.*

KIKNA (AÐ), v. *to bend backwards to sink at the knees* (kikna í knésbótum).

KILPR, m. *handle* (of a vessel).

KILTING, f. *skirt, lap* (hann hafði Inga konung í kilting sér).

KIMBLA (AÐ), v. *to truss up.*

KIND (pl. KINDIR AND KINDR), f. (1) *kind, race; fyrða* (gumna, seggja, skatna, ýta) k., *the sons of men, mankind*; (2) *crea-*

ture, being; lifði engi kvik k. eptir, no living creature lived after; sterkari en nökkur k. önnur, stronger than any other creature; helgar KINDIR, holy beings.

KINGA, f. *brooch* (k. var á bringu).

KINN (pl. KINNAR), f. *cheek.*

KINNAR-BEIN, n. = kinnbein; -KJÁLKI, m. *the upper jaw-bone.*

KINN-BEIN, n. *cheek-bone*; -BJÖRG, f. *cheek-piece of a helmet*; -FILLA, f. *'cheek-flesh'*; -HESTR, m. *box on the ear*; -HÖGGVA (see HÖGGVA), v. *to hew or hack the cheek*; -LEÐR, n. *leather cheek-piece of a bridle*; -ROÐI, m. *blush of shame*; -SKJÓTT-TR, a. *with piebald cheeks* (of a horse); -SKÓGR, m. *beard*; -SKÆRR, a. *white-cheeked.*

KINNUNGR (-S, -AR), m. *bow of a ship.*

KINN-VANGI, m. *cheek.*

KIPPA (-TA, -T), v. *to pull, snatch, draw quickly* (Egill kipti at sér sverð-inu); hann kippir mönnum at sér, *he gets men together*; k. ofan seglinu, *to pull the sail down*; *impers., e-m kippir í kyn* (um e-t), *one resembles his kinsmen (in something)*; re-fl., kippast um e-t, *to struggle with one another about a thing*; k. við, *to make a sudden motion* (kippist hann svá hart við, at jörð öll skelfr).

KIPPA, f. *bundle, string* (of).

KIPPR, m. *pull, jerk, shock.*

KIRKJA (gen. pl. KIRKNA), f. *church.*

KIRKJU-BANN, n. *ban of the church*; -BÓL, n. *church estate*; -BÚNAÐR, m. *church hangings*; -BÆR, m. = -ból; -DAGR, m. *church-day, anniversary*; -DRÓTTINN, m. *church patron*; -EIGN, f., -FÉ, n. *church property*; -FRÍÐR, m. *church-peace, sanctuary*; -GANGA, f. *church-going*; -GARÐR, m. *churchyard*; -GENGT, a. n., eiga -gengt, *to be allowed to go to church*;

-GRÍÐ, n. pl. = -friðr; -GRÆFR, a. *who can be buried at a church*; -GØRÐ, f. *church-building*; -HELGR, f. *church service*; -LAND, n. *church-land, glebe*; -LÖG, n. pl. *ecclesiastical law*; -MÁLDAGI, m. *church deed*; -MESSA, f. = -dagr; -RÁN, n. *sacrilege*; -RÉTTR, m. *church-right*; -SKOT, n. *wing of a church*; -SKRAUT, -SKRÚÐ, n. *church ornament*; -SÓKN, f. (1) *church-worship, attendance at service*; (2) *parish*; -STÉTT, f. *church pavement*; -STÓLL, m. *church pew*; -TÍUND, f. *church tithe*; -TJÖLD, n. pl. *church hangings*; -VIÐR, m. *church timber*; -VIST, f. *attendance at church*; -VÍGSLA, f. *consecration of a church*; -VÖRÐR, m. *churchwarden*.

KIRNA, f. *churn*.

KIRNU-ASKR, m. *churn-pail*.

KISTA (gen. pl. KISTNA), f. (1) *chest*; (2) *coffin* (= lík-kista).

KISTILL (-s, pl. KISTLAR), m. *little chest, small box*.

KISTU-HRINGR, m. *ring in a chest*; -LYKILL, m. *key of a chest*; -LOK, n. *cover of a chest*.

KITLA (AÐ), v. *to tickle*.

KÍFA (AÐ), v. *to quarrel*.

KÍFINN, a. *quarrelsome*.

KÍLL, m. *narrow inlet, canal*.

KJALLARI, m. *cellar*.

KJALTA (gen. KJÖLTU), f. *lap*.

KJAL-VEGR, m. *a way leading across a ridge of mountains* (local name).

KJAPPI, m. *pet name of a he-goat*.

KJAPTA (AÐ), v. *to chatter, gabble*.

KJAPTR (-s, -AR), m. = kjöptr.

KJARK-LEYSI, n. *lack of vigour*.

KJARKR, m. *vigour, pith, energy*.

KJARNI, m. *kernel, esp. of berries*.

KJARR (pl. KJÖRR), n. *copsewood, brushwood, thicket*.

KJARR-MÝRR, f. *marsh-ground with brushwood*; -SKÓGR, m. *copsewood*.

KJÁ (KJÁI, KJÁÐA, KJÁÐ), v.; hverr þeirra kjar nefinu at öðrum, *they put their heads together*.

KJÁLKI, m. (1) *jaw-bone*; (2) *hand-sledge* (draga kjálka).

KJÓLL (-s, -AR), m. poet. *ship*.

KJÓSA (KÝS; KAUS, KØRI and KEYRI; KUSUM and KURUM; KOSINN, KØRINN), v. (1) *to choose, select* (valkyrjur riða jafnan at k. val); (2) *to desire, wish* (þá kýs ek laust kaup vart); k. heldr, *to choose rather, prefer*; (3) *to elect* (k. biskup); (4) *with preps., k. e-n af fleirum, to select, choose from a number*; k. af, *to choose* (kurru þeir þá af at ganga til handa konungi); margir kjósa ekki orð á sik, *many are not so well spoken of as they may wish to be*; k. e-n til e-s, *to select one for a thing* (k. e-n til fylgdar við sik, til biskups); k. um e-t, *to choose between* (kjós þúnú um tvá kosti).

KJÚKLINGR (-s, -AR), m. *chicken, chick*.

KJÖLR (gen. kjalar, dat. KILI; pl. KILIR, acc. KJÖLU), m. (1) *keel* (brotnaði kjölrinn undir skipinu); sigla lausum kili, *to sail with an empty ship*; koma e-m á kjöl, *to get one up on the keel* (when the boat is capsized); niðr kili, *down in the hold*; (2) *keel-shaped range of mountains* (austr um Kjöl); (3) *back of a book*.

KJÖL-SÝJA, f. *one of the two boards nearest to the keel*.

KJÖL-VEGR, m. = kjal-vegr.

KJÖPTR, m. (1) *jaw* (er hinn efri k. við himni, en hinn neðri við jörðu); (2) *gaping jaws*.

KJÖR, n. *choice, decision*; ganga (falla) k., *to go as one wishes*.

KJÖR-GRIPR, m. *a choice or costly thing*;

-LIGR, a. *fit to be chosen*.

KJÖRR, m. *thicket* kjarr (þeir skildu í kjörr einum).

KJÖR-VÁPN, n. *a choice weapon*; -VIÐR, m. *choice timber*; -VÍSLIGR, a. *acceptable*, = kjörligr.

KJÖT (dat. KJÖTI and KJÖTVI), n. *meat, flesh*; in pl. *stores of meat*.

KJÖT-ÁT, n., -ÁTA, f. *meat-eating*; -BITI, m. *piece of meat*; -LIGR, a. (1) *pertaining to flesh*; (2) *carnal, fleshly*; (3) *related by blood*; kjötligt barn, *one's own child*; kjötligir bróðir, *brother germane*; -LÆR, n. *joint of meat*; -STYKKI, n. *piece of meat*; -VAXINN, pp. *fleshy*; -ÆTR, a. *eatable* (of meat).

KLAFA-KERLING, f., -STAFR, m. *a kind of two-pronged stick*.

KLAFI, m. *a kind of fork* (put on a cow's neck in the stall).

KLAK (pl. KLÖK), n. *chirping of birds*.

KLAKA (AÐ), v. *to twitter, chatter* (of birds); refl., klakast við um e-t, *to have a dispute about*.

KLAKA-HESTR, m., -HROSS, n. *a horse that is left unhoused in winter*; -HÖGG, n. *a tool for breaking up frozen soil*, = þelhögg; -TORF, n. *frozen turf*.

KLAKI, m. *hard-frozen ground*.

KLAKK-LAUST, adv. *unhurt, unscathed* (komast -laust af).

KLAKKR (-S, -AR), m. *heavy, peaked clouds*; cf. úviðris-klakkr.

KLAKK-SÁRR, a. *touchy, feeling sore*; e-m verðr -sárt, *one is hurt, injured*.

KLAMBRAR-, gen. from 'klömbr'; -VEGR, m. *a kind of wedge*.

KLAND, n. *molestation*.

KLANDA (AÐ), v. *to molest*.

KLANDA-LAUSS, a. *free from molestation*; KLANDAN, f., KLANDR, n. = kland.

KLAPP, n. *pat, patting*.

KLAPPA (AÐ), v. (1) *to pat, stroke gently* (jarlinn klappaði hendi sinni ábak honum); k. um e-t, *to pat*; (2) *to knock, rap* (k. á dyrum, á hurð); (3) *to shape by cutting blows, hew, chisel* (vóru klappaðir á steinvegginn krossar þrír); (4) *to hammer*; mun ek nú k. um aptr, *I will make it good (right) again*.

KLAUF (pl. -IR), f. (1) *the cleft* (between the toes); (2) *cloven foot* (göltrinn svamm þar til af gengu klaufirnar); (3) *beast, head of cattle*.

KLAUFA-GANGR, m. *tramp of cattle*.

KLAUSA, f. *clause, passage*.

KLAUSTR, n. *cloister, convent*.

KLAUSTRA-FÓLK, n. *convent folk*; -LIFNAÐR, m. *convent life*; -MENN, m. pl. *convent people*.

KLAUSTR-GANGA, f. *entering a convent*; -GARÐR, m. *convent wall*.

KLÁ (KLÆ; KLÓ, KLÓGUM; KLEGINN), v. *to claw, scratch, rub* (hann bað mik klá fót sinn).

KLÁÐI, m. *itch* (þegar brá kláða miklum á hvarmana).

KLÁÐ-SJÚKR, a. *scabby*.

KLÁFR (-S, -AR), m. *a kind of box carried on horseback*.

KLÁM, n. *obscene, filthy language*.

KLÁM-HÖGG, n. *an opprobrious blow*; -YRÐI, n. *foul language*.

KLÁP-EYGR, a. *goggle-eyed, staring*.

KLÁRR (-S, -AR), m. *hack, cart-horse*.

KLÉ (gen. KLJÁ; pl. KLJÁR), m. *one of the stones to keep the warp straight in the old upright loom*.

KLEFI, m. *closet* (cf. svefnklefi).

KLEGGI (gen. -JA), m. *cleg, horse-fly*.

KLEGGI (gen. -JA), m. *cock of hay*.

KLEIF (pl. -AR), f. *cliff, rocky ascent*.

KLEIMA (-DA, -DR), v. *to daub, dabble.*

KLEISS, a. *lisp*ing (k. í máli).

KLEKJA (KLEK, KLAFTA, KLAFTUR and KLAFTINN), v. *to hatch* (= k. út).

KLEKTUNAR-MAÐR, m. *chicken-hearted man* (hann er engi -maðr).

KLENGING (pl. -AR), f. *vexatious action.*

KLENGI-SÖK, f. *a vexatious suit.*

KLENGJAST (D), v. *to interfere or intrude oneself vexatiously.*

KLEPPR, m. *plummet, lump.*

KLERKA-FÓLK, n., -LÝÐR, m. *the clergy*; -SÍÐIR, m. pl. *clerical customs*; -SÖNGR, m. *church music.*

KLERK-DÓMR, m. *learning*; -LIGA, adv. *like a clerk, learnedly*; -LIGR, a. *clerkly, scholar-like.*

KLERKR (-S, -AR), m. (1) *cleric, clerk, scholar*; (2) *clergyman*, esp. of the minor orders.

KLETTUR (-S, -AR), m. *rock, crag.*

KLÍÐR, m. *din, murmur.*

KLIF, n. *cliff, scarp*, = kleif.

KLIFA (AÐ), v. *to repeat, harp on the same thing* (also, k. á e-u); refl., *klifast við e-n, to wrangle with one.*

KLIF-GATA, f. *way along a cliff.*

KLIFRA (AÐ), KLIFRAST, v. *to climb.*

KLINGJA (-DA, -T), v. *to ring, jingle.*

KLIPPA (-TA, -TR), v. *to clip, cut*; k. sauði, *to shear sheep.*

KLÍFA (KLÍF; KLEIF, KLIFUM; KLIFINN), v. *to climb* (konungr kleif upp í einn bakka; k. bratta brekku).

KLÍGJA (-ÐA), v. *to feel nausea* (hón klígir mjök).

KLÍGJA, f. *nausea.*

KLÍNA (-DA, -DR), v. *to smear*; k. brauð, *to butter bread.*

KLÍNINGR, m. *buttered bread.*

KLJÁ (KLJÁI, KLJÁÐA, KLJÁÐR), v. *to fix*

the weights (cf. 'klé') *to a loom*; vera á enda kljáðr, *to have done*; er ek á enda kljáðr at þola þat lengr, *I can bear it no longer.*

KLJÁR, m. = klé.

KLJÚFA (KLÝF; KLAUF, KLUFUM; KLOFINN), v. *to cleave, split* (hann hjó þegar í skjöld Hrúts ok klauf allan niðr); skammt upp klofinn, *having a short fork, short-legged.*

KLOF, n. *the space between the legs, the fork.*

KLOFA-RÚM, n. *ship's cabin near the mast*; -STEF, n. 'cleft burden', a form of refrain in a 'drápa'.

KLOFI, m. (1) *cleft, rift* (in a hill); *cleft stick*; verða í klofanum, *to be caught in a trap*; (2) *door-groove*; lúka upp hurðu, or lúka aptr hurð, árniðjan klofa, *to open, or shut, the door halfway*; hurð hnigin á miðjan klofa, *half shut*; reka aptr hurðina (or lúka hurðinni) í klofa, *to shut the door*; (3) *the forks to support tents on board a ship* (höggva tjöldin or klofum); (4) *snuffers.*

KLOFNA (AÐ), v. *to be cloven, to split.*

KLOKKA, f. = klukka.

KLÓ (pl. KLÆR, dat. KLÓM), f. (1) *claw, talon*; (2) *clew* (of a sail).

KLÓA-GANGR, m. *scratching (fighting) with claws.*

KLÓAST, v. refl. *to fight with claws.*

KLÓ-DÝR, n. *a beast with claws, beast of prey*; -FUGL, m. *bird of prey.*

KLÓKINDI, n. pl. *cunning, cleverness.*

KLÓK-LEIKI, m. = klókindi; -LIGA, adv. *cunningly*; -LIGR, a. *cunning, crafty.*

KLÓKR, a. *arch, cunning, clever.*

KLÓK-SAMLIGR, a. = -ligr; -SKAPR, m. = klókindi.

KLÓR, n. *scratching*; KLÓRA (AÐ), v. *to scratch* (like a cat).

KLÓT, n. *knob of a sword hilt.*

KLUBBA, f. = klumba.
 KLUKKA (gen. pl. KLUKKNA), f. *bell*;
 kvað við klukkan, *the bell rang*.
 KLUKKARI, m. *bell-ringer*.
 KLUKKNA-HLJÓÐ, n. *peal of bells*; -HÚS,
 n. *bell-chamber, belfry*.
 KLUKKU-HLJÓÐ, n. = klukkna hljóð;
 -STRENGR, m. *bell-string*.
 KLUMBA, f. *club*, = klubba, kylfa.
 KLUNGR (-RS, -RAR), m. *bramble*.
 KLUNGRÓTT, a. *gown with bramble*.
 KLÚTR (-S, -AR), m. *kerchief*.
 KLYF (pl. -JAR), f. *pack, truss* (on a pack-
 horse); -BERI, m. *pack-saddle*.
 KLYFBERA-BAND, n. *pack-saddle girth*.
 KLYFJA (AÐ), v. *to load with packs* (k.
 hest, asna af e-u).
 KLYFJA (KLYF, KLUFÐA, KLUFÐR), v. *to*
split, cleave.
 KLYFJA-BAND, n. *pack-girth*; -BURÐR,
 m. *carrying packs on horseback*; -HESTR,
 m., -hross, n. *pack-horse*.
 KLÝPA (-TA, -TR), v. *to pinch, nip*.
 KLÝPING, f. *pinching, nipping*.
 KLÆÐA (-DDA, -DDR), v. *to clothe*; k. sik,
to dress oneself; refl., klæðast, *to dress*
oneself, put on one's clothes, in the morn-
 ing (síðan stóðu þeir upp ok klæddust).
 KLÆÐA-, gen. pl. from 'klæði'; -BÚ-
 NAÐR, -BÚNINGR, m. *apparel*; -KAUP, n.
exchange of clothes; -SKIPTI, n. pl. *change*
of clothes; -SKURÐR, m., -SNID, n. *cut,*
fashion of clothes; -YLR, m. *warmth de-*
ived from clothes; -ÖRK, f. *clothes-chest*.
 KLÆÐ-FÁR, a. *thinly clad*; -HÆFR, a. *fit*
for wear.
 KLÆÐI, n. (1) *cloth, stuff* (ensk k. með
 mörgum litum); (2) *garment* (maðr í
 rauðu k.); (3) esp. in pl., *clothes, apparel,*
dress (hvar fyrir berr þú rauð klæði?); fara
 í k., *to put on clothes*; fara af or ór

klæðum, *to take off one's clothes*; bera k.
 (kasta klæðum) á vápn, *to throw clothes*
over the weapons (to stop a fight).
 KLÆÐ-LAUSS, a. *void of clothes, naked*;
 -LEYSI, n. *nakedness*; -MARGR, a. *well*
provided with clothes.
 KLÆÐNAÐR (gen. -AR), m. *clothing, ap-*
parel (k. þóru ok gripir).
 KLÆÐ-SEKKR, m. *clothes-bag*.
 KLÆJA (AÐ), v. *to itch*; nú klæja oss ló-
 farnir, *now our palms itch*; impers., mér
 klæjar, *I itch*.
 KLÆKI, n. *disgrace, cowardice*.
 KLÆKI-LIGR, a. *dastardly, cowardly*.
 KLÆKIS-EFNI, n. *mean proceeding*;
 -HÖGG, n. *dastardly blow*.
 KLÆKI-SKAPR, m. *baseness, meanness*.
 KLÆKIS-LAUST, adv. *blamelessly*;
 -MAÐR, m. *dastard*; -NAFN, n. *name for*
cowardice; -ORÐ, a. = -nafn; -VERK, n.
base work.
 KLÆKJA (-TA, -TR), v. *to put to shame*.
 KLÆKJA-FULLR, a. *disgraceful, mean*.
 KLÆMA (-DA, -DR), v. *to put to shame*.
 KLÖK, a. pl., see 'klak'.
 KLÖKKNA (AÐ), v. *to become soft, soften*
 (þat vöknar ok klökknar).
 KLÖKKR (acc. -VAN), a. *pliable, soft,*
yielding; easily affected.
 KLÖKKVA (KLÖKK; KLÖKK, KLUKKU;
 —), v. *to be moved to tears; to sob*.
 KLÖKKVA (-TA, -TR), v. *to soften*.
 KLÖKKVING, f. *emotion*.
 KLÖMBR (gen. KLAMBRAR), f. *smith's*
vice, fig. a tight place.
 KLÖPP (gen. KLAPPAR, pl. KLAPPIR), f.
stepping-stone.
 KNAKKR (-S, -AR), m. *a kind of stool*.
 KNAPI, in. *valet, varlet*.
 KNAPPAÐR, pp. *furnished with studs or*
buttons (k. kyrtill).

KNAPP-JÁRN, n. *iron staff with a knob at one end.*

KNAPPR (-S, -AR), m. (1) *knob* (staf íhendi ok knapp á); *riða knapp á, to furnish a thing with a knob*; (2) *stud, button* (með knappi ok nezlu).

KNARRAR-BÁTR, m. *ship's boat* (see 'knörr'); -SKIP, n. = knörr; -SMIÐR, m. *shipwright*.

KNATT-DREPA, f., -GILDRA, f. = -tré; -HÖGG, n. *a blow with a ball*; -LEIKR, m. *playing at ball*; -TRÉ, n. *bat*.

KNÁ (pl. KNEGUM; KNÁTTA), a defective verb, *I can (could)*; knákat ek segja, *I cannot say* (poet.).

KNÁ-LEIKR, m. *prowess, hardihood*; -LIGA, adv. *hardily, doughtily* (þeir sökja -liga ferðina); -LIGR, a. = knár.

KNÁR (KNÁ, KNÁTT), a. *hardy, vigorous; having strength and energy*.

KNÉ (gen. pl. KNJÁ, dat. KNJÁM or KNJÓM), m. (1) *knee*; sitja á kné e-m, *to sit on a person's knee*; ganga (koma, fara, hvarfa) fyrir k. e-m, *to approach one as a suppliant*; koma e-m á k., *to bring one to his knees, overcome*; láta k. fylgja kviði, *to plant the knee on the belly*; sitja fyrir knjómm e-ri, *to attend a woman in childbirth*; (2) *knee-timber in a ship*.

KNÉ-BEÐR, m. *knee cushion*; falla á -beð, *to kneel*; -BEYGJAST (Ð), v. refl. *to bow the knees*; -BJÖRG, f. *knee-piece*; -FALL, n. *kneeling*.

KNEFA (AÐ), v. *to determine* (er þar nú knefat um annat ráð).

KNÉ-FALLA (see FALLA), v. *to fall on the knees; to kneel*.

KNEIKING (pl. -AR), f. *close embrace, hug* (kossar ok kneikingar).

KNEIKJA (-TA, -TR), v. *to bend backwards with force* (k. e-n aptr á bak).

KNÉ-LIÐR, m. *knee-joint*.

KNEPPA (-TA, -TR), v. (1) *to press, hug* (k. e-n at sér); (2) *to stud, button*.

KNÉ-RUNNR, m. *lineage, kinship; degree in descent*.

KNÉS-BÓT, f. *the hollow of the knee*.

KNÉ-SETJA (see SETJA), v. *to place upon one's knees, a kind of adoption* (hann -setti þann svein ok fósturaði); -SETNINGR, m. *foster-son*.

KNÉS-FÓTR, m. *ham hough* (= -bót).

KNÉ-SIG, n. *sinking on one's knees*; -SKEL, f. *knee-cap, knee-pan*; -SKOT, n. *humiliation*; koma -skoti á e-n *to bring one to his knees*.

KNEYFA (-ÐA, -ÐR), v. *to quaff* (Egill kneyfði af horninu í einum drykk).

KNÍA (AÐ), v. *to consider, debate* (er þeir kníaðu þetta mál milli sín).

KNÍA, v. poet., only in the pret. 'kníði', *to knock, strike*; kníðum unnir *we rowed*.

KNÍFR (-S, -AR), m. *knife, dirk*.

KNÍFS-BLAÐ, n. *knife's blade*; -HEPTI, n. *knife's handle*; -ODDR, m. *knife's point*; -SKEPTI, n. = hepti.

KNÓÐA (AÐ), v. *to knead* (k. saman mjöl ok smjör).

KNOKA (AÐ), v. *to knock, thump*.

KNOSA (AÐ), v. *to bruise, beat*.

KNÚI, m. *knuckle* (hvítuðu knúarnir).

KNÚSKA (AÐ), v. *to knock, ill-treat*.

KNÚSKAN, f. *knocking, ill-treatment*.

KNÚTA, f. *knuckle-bone, joint-bone*.

KNÚTÓTT, a. *knotted*.

KNÚTR (-S, -AR), m. (1) *knot*; leysa knút, *to undo a knot*; riða knút, *to tie a knot*; knýta knút, *to knit a knot*; (2) *hump, protuberance*.

KNYKILL (pl. KNYKLAR), m. *small knot, protuberance*.

KNYLLA (-TA, -TR), v. *to beat, strike*

(þeir knylltu hann með keyrinu). knypri, n. *cowering*; vefja sik í k., *to crouch together*.

KNYTJA (AÐ), v. *to knit or tie together*.

KNÝFILL (pl. KNÝFLAR), m. *short horn*.

KNÝFLÓTT, a. *short-horned*.

KNÝJA (KNÝ, KNÝÐA OR KNÚÐA, KNÚINN), v. (1) *to knock*; hann knúði hurðina, *he knocked at the door*; (2) *to press, drive onward* (þeir knúðu fast árar með stórum bakföllum); *to push, urge on* (hann gat varla fylgt henni, svá knúði hón fast reiðina); (3) refl. *to struggle on, press on*; því harðara er Þórr knúðist at fanginu, því fastara stóð hón, *the more Thor exerted himself, the firmer she stood*.

KNÝTA (-TTA, -TTR), v. *to knit, fasten by a knot, bind, tie* (hon knýtir saman halana á nautunum); with dat. (skulum vér k. líndregli um fremra stafn); impers., knýtti hrygginn (acc.), *the back knotted up, became crooked*.

KNÝTI, n. *bag, purse*.

KNÝTIL-SKAUTI, m. *a cloth or kerchief knotted up* (and used as a purse).

KNÝTI-SKAUTI, m. = knýtilskauti.

KNÝTTR, pp. *knotted, crippled*.

KNÖRR (gen. KNARRAR, dat. KNERRI; pl. KNERRIR, acc. KNÖRRU), m. *ship, esp. merchant-ship*, opp. to 'langskip'.

KNÖTTR (gen. KNATTAR, dat. KNETTI; pl. KNETTIR, acc. KNÖTTU), m. *ball*; herða knúa at knetti, *to play at ball*.

KODDI, m. *pillow*.

KOFARN, n., -RAKKI, m. *lap-dog*.

KOFI, m. *convent cell; hut, shed*.

KOFR, n. *coffer* (skrínn ok k.).

KOFIR, m. *hood or bonnet of fur*.

KOFR-MÁLUGR, a. *testy, snappish*; -MENNI, n. *a snappish, testy person* (menniskapi).

KOGLA (AÐ), v. *to goggle, look askance*.

KOL, n. pl. *coals, charcoal* (svíða k.).

KOLA, f. *a small, open lamp*.

KOLA-, gen. pl. from 'kol'; -KARL, -MAÐR, m. *charcoal-maker*; -MEISS, m. *box for carrying coals*.

KOL-BITR, m. *coal-eater* (an idle person sitting always at the fireside); -BLAR, a. *coal-black*; -BRENNA, f. *charcoal-making*; -GRÖF, f. *charcoal pit*; -GØRÐ, f. = -brenna.

KOLLA, f. (1) *hind, cow*; (2) *woman* (only in compds.).

KOL-LAUPR, m. *coal-box*.

KOLL-HEIÐ, n. *bright sky overhead*;

-HETTA, f., -HÖTTR, m. *a kind of round cap* (þeir höfðu grár-hettur).

KOLLÓTT, a. (1) *without horns, polled* (ær kollótt); (2) *with shaven crown, hairless* (k. ok klæðlauss); *having the hair cut short*.

KOLLR (-S, -AR), m. (1) *top, summit* (á kollifjallsins); (2) *head, pate* (þeim var spröttit hár ór kolli); (3) *a shaven crown* (hann rakar af þeim hárit ok gørði þeim koll); (4) *hrinda e-u um koll, to overthrow*.

KOLL-SVEIBB, m. *boy with a flat cap*; -VARPA (AÐ), v. *to overthrow*; -VERPA (see verpa), v. = -varpa.

KOL-MERKTR, pp. *jet-black* (klæðimerkt); -REYKR, m. *smoke from burning charcoal*; -SVARTR, a. *coal-black*; -VIÐR, m. *wood for charcoal*.

KOMA (KEM; KOM OR KVAM, KÓMUM OR KVAMÚM; KOMINN), v. (1) *to come* (litlu síðarr kómu Finnar aptr heim); (2) *to come, arrive* (bréf kómu frá Skúla jarli); kom svá, at (it came to pass, that) Bárði var heitit meyjunni; (3) with dat. of the object, *to make to come, to take, bring, car-*

ry, &c.; hann skyldi k. Þór í Geirröðargarða, *he should make Th. come to G.*; hann kom Þórhaddi heilum yfir ána, *he brought Th. safe across the river*; k. e-m í hel, *to put one to death*; k. e-m til falls, *to make one fall*; k. e-m í sætt við e-n, *to reconcile one with another*; k. sér vel hjá e-m, *to bring oneself into favour with, be agreeable to* (þeir kómu sér vel við alla); k. e-u til leiðar (til vegar), *to effect, bring about*; k. orðum við e-n, *to speak with a person* (hann gærði sik svá reiðan, at ekki mátti orðum við hann k.); (4) with preps., k. e-u af sér, *to get rid of* (allt mun ek til vinna af k. af mér yðvarri reiði); k. e-u af, *to abolish* (því hafði eigi orðit af komitmeði öllu); k. at e-m, *to come upon one* (kómu þessir at honum fyrir Sjólandi með tveim skipum); k. at hendi, *to happen* (mikill vandi er kominn at hendi); impers., Gunnarr játaði því, en þá er at kom, *vildi hann eigi, G. agreed to it, but when it came to the point he would not*; k. at e-u, *to come at, regain, recover* (k. at hamri); k. sér at e-u, *to bring oneself to* (Þ. kom sér ekki at því); k. á e-t, *to come on, hit* (höggit kom á lærit); k. e-u á, *to bring about, effect* (máttu þeir öngum flutningum á k.); k. kristni (dat.) á England, *to christianize E.*; k. fram, *to come forth, appear, emerge* (sigldi E. suðr með landi ok kom fram í Danmörk); *to be produced, brought forward* (nú mun pat fram k. sem ek sagða); k. e-u fram, *to bring about, effect* (k. fram hefndum); k. fyrir e-t, *to be an equivalent for* (fyrir víg Hjaratar skyldi k. víg Kols); allt mun k. fyrir eitt, *it will all come to the same*; k. fyrir ekki, *to come to naught, be of no avail*; e-m þykkir fyrir ván komit, *at, one thinks it past all hope, that*; k. e-u fyrir, *to de-*

stroy (hann kom hverjum hesti fyrir); k. í e-t, *to come into, enter*; mál koma í dóm, *suits are brought up for judgement*; k. niðr, *to come down*; hann reyndi eptir, hvar G. væri niðr kominn, *what had become of G.*; kom þar niðr tal hennar, at hon sagði honum, hversu, *the end of her talk was, that she told him how -*; k. hart niðr, *to pay dearly for it* (ek hafða illa til gört, enda kom ek hart niðr); k. saman, *to come together, gather* (er saman kom liðit); *to agree*; þat kom saman (or ásamt) með þeim, *they agreed on it*; impers., kom þeim vel saman (ásamt), *they agreed well*; k. e-u saman, *to bring about, effect*; k. saman sættum með e-m, *to reconcile them*; k. til e-s, *to come to a person or place* (jarlinn kom með allan her sinn til Dyflinnar); k. till ríkis, *to come to, or succeed to, the throne*; k. til e-s, *to cause*: þat kemr til þess, at, *the reason is, that*; *to help, avail*: koma til lítils, *to come to little, be of small avail* (= k. fyrir lítit); *to concern*: þetta mál kemr ekki til þín, *this quarrel is no business of thine*; þat er til mín kemr, *so far as I am concerned*; *to mean, signify* (Þ. kvezk skilja, hvar orð hans kómu til); *to be of value*: sverð þat, er til kom mörk gulls, *that was worth a 'mark' of gold*; mikit þykkir til e-s k., *one is much thought of, is thought to be of great importance*; k. til, *to be born*; k. e-m undan, *to help one to escape*; k. undir e-n, *to come unto one*; ef undir oss skal k. kjör, *if we are to choose*; k. e-m undir, *to get one down, overcome one*; k. upp, *to come up*; tungl kemr upp, *the moon rises*; eldr kom upp, *fire broke out*; kom þá upp af tali þeirra, at, *the end of their talk was, that*; *to come out, become known* (kom þat þá upp, at hann hafði beðit hennar); k. e-

u upp, *to open* (kerling tekur hörpuna ok vildi upp k.); hann mátti lengi eigi orði upp k., *it was long before he could utter a word*; k. við e-t, *to touch* (komit var við hurðina); þeir kómu við sker, *they struck on a reef*; hann kemr við margar sögur, *he appears in many sagas*; *to be added to* (koma þær nætr við hinar fyrri); k. við, *to fit, be convenient, suit*; k. e-u við, *to employ, make use of* (ek máttu eigi boganum við k.); hann kom því við (*he brought about*), at engi skyldi fara með vápn; urðu þeir at flýja sem því kómu við, *all fled that could*; k. sér við, *to bring about, effect, be able to do* (ek mun veita þér slíkt lið sem ek má mér við k.); *to behave* (hversu hann kom sér við í þessum málum); k. yfir, *to pass over* (hvert kveld, er yfir kom); (5) refl., komast, *to come to the end, get through, reach* (hann komst við svá búit í ríki sitt); k. af, *to escape, save one's life* (tveir drukkuðu kómust af); k. at e-u, *to get at a thing, procure*; eigi skaltu illa at k., *thou shalt not get it unfairly*; k. á fœtr, *to get on one's legs*; k. undan, *to escape* (alt þat lið, er undan komst); k. út, *to get out*; k. við, *to be able* (brenn allt ok bæl sem þú mátt við k.); *to be touched* (hann komst mjök við ok felldi tár); k. við veðri, *to get abroad* (hann lét þat ekki við veðri k.); k. yfir e-t, *to overcome, get hold of* (er hann komst yfir féit).

KOMA, f. *arrival*, = kváma.

KOMINN, pp. *come*; k. af e-m, *descended from*; k. af sér, *in a declining state, on the decline* (kristnin var mjök svá af sér komin); k. at andlátí, dauða, *breathing one's last*; vóru þeir mjök at komnir, *they were much exhausted*; vel (illa) k., *in good (bad) estate*; hann var vel til náms k., *he was in a good place for learning*; mér

þykkir son minn hvergi betr k., *methinks my son is nowhere better off, in better hands*; k. á sik vel, *in a good state, accomplished* (k. á sik manna bezt); vera á legg k., *to be grown up*; vera svá aldrs k., *to be of such an age*; hann sagði henni, hvar þá var komit, *he told her how matters stood*; vera k. til e-s, *to be entitled to* (þeir, er til einskis eru komnir); rétt k. til konungdóms, *right heir to the kingdom*.

KOMPÁNA-SKAPR, m. *companionship*.

KOMPÁNN, m. = kumpánn.

KOMPÁSS, m. *ring, circle, compass*.

KOMU-MAÐR, m. *new comer, guest*.

KONA (gen. pl. KVENNA), f. (1) *woman* (var hón kvenna fríðust); (2) *wife* (ek em k. Njáls).

KONAR, gen. sing. from an obsolete 'konr', *kind*; alls k., *of all kinds*; hvers k., *of every kind*; margs k., *of many kinds*; ýmiss k., *of sundry kinds*; sams k., *of the same kind*.

KONR (pl. -IR), m. poet. (1) *son, descendant, kinsman*; (2) *man*.

KONU-BÚ, n. *woman's estate*; -EFNI, n. *one's future wife, bride*; -FÉ, n. *marriage portion*; -HÁR, n. *woman's hair*; -KLÆÐI, n. pl. *woman's attire*; -LAUSS, a. *wifeless, widowed* (verða-lauss); -MÁL, n. *love affair* (verða-sekr um -mál), = kvennamál; -NÁM, n. *abduction of a woman*.

KONUNGA (AÐ), v. *to address as a king, to call by the name of king*.

KONUNGA-KYN, n. *royal kin, royalty*; -SKIPTI, n. *change of kings, succession*; -STEFNA, f. *meeting of kings*; -SÆTT, f. *peace between kings*; -TAL, n. *series of kings*; -ÆTT, f. = -kyn.

KONUNG-BORINN, pp., -BORLIGR, a. *of royal birth*; -DJARFR, a. *speaking boldly to kings*; -DÓMR, m. *kingdom*; -LAUSS, a.

kingless, without a king; -LIGR, a. *kingly, royal*; -MAÐR, m. *royal person, king*.

KONUNGR (-S, -AR), m. *king*.

KONUNG-RÍKI, n. *kingdom*.

KONUNGS-ATSETR, n. *king's residence*; -BRÉF, n. *king's writ, warrant*; -BÚ, n. *royal estate*; -EFNI, n. *future king*; -EIGUR, f. pl. *royal property*; -EYRENDI, n. *royal errand*; -FUNDR, m. *audience given by a king*; -GARÐR, m. *king's palace*; -HÖFN, f. *king's haven*; -KVEÐJA, f. *address to a king*; -LEYFI, n. *king's leave*; -LYKILL, m. *the king's key = axe* (which opens all doors and chests); munu þeir bera -lykil at húsinu, *they will break in by force*; -LÆGI, n. *king's berth*; -NAFN, n. *king's title*; -NAUTR, m. *king's gift*; -NÍÐINGR, m. *traitor to the king*; -RÍKI, n. *kingdom*; -SETR, n. *royal residence*; -SKRÚÐI, m. *king's apparel*; -STEÐI, m. *the king's stithy, the mint*; -SVEIT, f. *king's retinue*; -SÝSLA, f. *royal office, district*; -SÆTI, n. *king's seat, residence*; -TEKJA, f. *election of a king*; -TIGN, f. *royal dignity*; -VÍGSLA, f. *coronation*.

KONUNG-SÆLL, a. *blessed with good kings* (höfum vér verit -sælir).

KOPAR-KANNA, f. *copper can*; -KROSS, m. *copper cross*.

KOPARR, m. *copper*.

KOPAR-STIKA, f. *copper candlestick*.

KOPPR (-S, -AR), m. *cup, small vessel*.

KORDÚNU-HOSUR, f. pl. *hose of cordovan leather*.

KORN, n. *corn, grain* (þar var hallæri á korni); *oats* (gefa hestum k.); in pl. *stores of grain* (hann flutti með sér mikil korn).

KORN-AMSTR, n. *corn-stack*; -ÁR, n. *crop*; -ÁRIT brast, *the crop failed*.

KORN-BRETAR, m. pl. *the Britons of Cornwall* (Kornbreta-land).

KORN-FRJÓ, n. *seed-corn*; -HJÁLMR, m. *corn-stack*; -HLAÐA, f. *barn*; -KAUP, n. *purchase of corn*; -KIPPA, f. *basket for seed-corn*; -SALA, f. *sale of corn*; -SKREP-PA, f. *corn-bag*.

KORNSKURÐAR-MAÐR, m. *shearer, reaper*; -MÁNAÐR, m. *shearing month*.

KORN-SKURÐR, m. *shearing, reaping*; -VIST, f. *stores of corn*.

KORPR, m. *raven*, = hrafn.

KOS-EYRIR, m. *choice things*.

KOSNING, f., KOSNINGR, m. *election*.

KOSS (pl. KOSSAR), m. *kiss*.

KOSS-MILDR, a. *fond of kissing*.

KOSTA (AÐ), v. (1) *to try*, with gen.; k. afls, *magns, to try (put forth) one's strength*; k. mans, *to fall in love*; B. þurfti alls at k., *B. had to exert all his strength*; k. kapps, *to strive hard*; (2) *to exert oneself, strive*, with infin. (í því, er hann kostar upp at rísa); *kostit svá keppa*, at Guðrún klökkvi, *do your best to draw tears from G.*; (3) *to injure, hurt* (bæði var kostat hold hans ok bein); *impers., þat fall var svá mikit, at kostaði lærlegg hans, that his thigh-bone was hurt*; (4) k. e-n mikit, *lítit, to cost one much, little*; *impers., kostar e-n e-t, it costs one so and so much, with the price in gen. (kostar þik þat nökkurs), or acc. (einn riddara kostar átta merkr gulls sinn búnað)*; (5) *to defray the expenses of* (þat boð kostaði Unnr); *þú hefir kostat oss, thou hast entertained us*.

KOSTA- gen. pl. from 'kostr'; -BOÐ, n. *favourable choice*; -LAUSS, a. = -vanr; -MIKILL, a. *good, fine, valuable*; -MUNR, m. *difference in quality* (eigi er -munr með ykkur).

KOSTAN, f. (1) *pains, effort* (lagði k. ok stund á at fremja kristni); (2) *temptation*

(k. fjándans).

KOSTA-VANDR, a. *fastidious*; -VANR, a. *cheerless*.

KOST-GÓÐR, a. *of good quality*; -GRIPR, m. *costly thing, choice thing*; -GÆFA (-ÐA, -ÐR), v. (1) *to push on with a thing*; -gæfa eptirförina, *to press the pursuit hard*; (2) with infin., *to strive, take pains* (Þ. kost-gæði svá mjök at hjálpa föruneyti sínu); -GÆFD, f., -GÆFI, n. and f. *painstaking, care*; með öllu -gæfi, *with all diligence*; -GÆFLIGA, adv. *with pains, diligently*; -GÆFLIGR, a., -GÆFR, a. *painstaking, diligent*.

KOSTIGR, a. *of good quality, choice*.

KOST-ILLR, a. *of mean quality, poor*; -LAUSS, a. *of no use, bad*; -LIGR, a. *desirable, advantageous*; -MÓÐR, a. *heavy with food*.

KOSTNAÐAR-MIKILL, -SAMR, a. *very costly, expensive*.

KOSTNAÐR (gen. -AR), m. (1) *cost, expense*; (2) *maintenance, living*.

KOSTR (-AR, pl. -IR, acc. -I or -U), m. (1) *choice, alternative* (hann sá engan sinn kost annan); mun ek engan kost á gora, *I will give no choice in the matter*; (2) *choice, terms* (hvern kost vili þér nú gora Ingjal-di); hugsat hefi ek kostinn, *I have thought over the terms*; (3) *choice, chance, opportunity*; k. er e-s, *there is a chance* (þat er hverjum manni boðit at leita sér lífs, meðan k. er); eiga e-s kost, *to have a choice of* (eiga slíkra manna kost); eiga alls kosti við e-n, *to have one altogether in one's power*; (4) *match* (Sigríðr hét dót-tir hans ok þótti bezir k. á Hálogalandi); hann spyrr, hverr eigi að ráða fyrir kosti hennar, *who was to give her away*; (5) *state, condition*; sjá fyrir sínum kosti, *to take care of oneself*; síðan lét Símon

varðveita kost hennar, *look after her affairs*; (6) *cost, expense* = kostnaðr (þat skip höfðu bæjarmenn látit gora af sínum kosti); (7) *means, victuals, provisions* (bauð hann Oddi alla kosti með sér); (8) *food* (þat var siðr at fœra konum þeim kost, er á sæng hvíldu); (9) *board* (þá bauð Ketill fé fyrir kost hennar); (10) *stores, goods* (tvau skip hlaðin vænum kosti); (11) *good quality, good things*; segja kost ok löst á e-u, *to tell both the good and the bad of a thing*; fær þú fátt af mér fríðra kosta, *thou shalt get little good from me*; (12) *virtue*, opp. to 'löstr'; (13) ad-verb. usages, þat er til kostar, ef, *it is well done, if*; at þeim kosti, *on that condition*; at öðrum kosti, *else, otherwise*; at síðasta, efsta kosti, *in the last instance, last emergency*; alls kostar, *quite, in every respect*; eigi eins kostar, *not very, not peculiarly*; annars kostar, *as for the rest*; nökkurs kostar, *in any wise*; þess kostar, *in this case, thus*.

KOSTU-LIGR, a. *costly, excellent* (hann hélt eina -liga vezilu).

KOST-VANDR, a. *fastidious*.

KOT, n. *cottage, small farm, hut*.

KOT-BÓNDI, m. *cotter*; -BÆR, m. = kot; -KARL, m. *cotter, cottager*.

KOTKARLS-SON, m. *churl's son*.

KOT-LÍFI, n. *humble life*; -MANNLIGA, adv. *meanly, in a beggarly way*.

KOTUNGR (-S, -AR), m. = kotkarl.

KÓF, n. *thick vapour, steam*.

KÓF-VIÐRI, m. *thick fall of snow*.

KÓLFR (-S, -AR), m. (1) *clapper, tongue of a bell*; (2) *a kind of bolt*; svá skjótt (snart) sem kólfi skjóti (skyti), *swift as an arrow*.

KÓLF-SKOT, n. *bolt-shot*.

KÓLGA, f. poet. *wave, billow*.

KÓLNA (AÐ), v. *to become cold* (veðrit

kólnar); impers., e-m kólnar, *one gets cold* (oss kólnar á knjánun).

KÓLNAN, f. *cooling down, getting colder* (þá er sólargangr í k.).

KÓNG-, see 'konung-'.
 KÓNGR (-S, -AR), m. = konungr.

KÓPA (-TA, -T), v. *to stare, gape*.

KÓR-BÓK, f. *choir-book, hymn-book*;
 -DYRR, f. pl. *choir-door*; -KÁPA, f. *choir-cope*.

KÓRÓNA, f. *crown*, = krúna.

KÓRÓNA (AÐ), v. *to crown*, = krúna.

KÓR-PRESTR, n. *choir-priest*.

KÓRR (gen. KÓRS), m. *choir, chancel*.

KÓRS-BRÓÐIR, m. *canon*, = kanúkr.

KÓR-SMÍÐ, f. *building of a choir*; -PILI, n. *panel of the choir*.

KRABBA-MARK, -MERKI, n. *the zodiacal sign Cancer*.

KRABBI, m. *a crab* (k. gengr öfugr löngum).

KRAFA, f. *claim, demand*.

KRAFLA (AÐ), v. *to make (slight) pawing movements with the hands*.

KRAFSA (AÐ), v. *to paw, scrape, or scratch with the feet* (uxinn krafsaði sem hross).

KRAKA (AÐ), v. (1) *to furnish with pales*; (2) *to grip the bottom* (tóku þá akkerin at k.); (3) k. e-t upp, *to fetch up from the bottom* (krökuðu þeir hann upp ok fluttu til lands).

KRAKI, m. (1) *pale, stake*; (2) *thin pole*; (3) *a kind of drag or boat-hook*.

KRAK-LIGR, a. *slender, thin and weak*.

KRAMMR, a. *half thawed* (k. snjór).

KRANGA (AÐ), v. *to creep along*.

KRANGR, a. *weak, frail*.

KRANK-DÓMR, m., -DÆMI, n. *ailing, illness*; -LEIKR, m. = -dómr.

KRANKR, a. (1) *ill, silk*; mér er krankt, *I am ill*; (2) *sore, distressing*.

KRAP, n. *half thawed snow, slush*.

KRAPA-DRÍFA, f. *shower of sleet*; -FÖR, f. *drift of thawed ice* (in a river).

KRAPI, m. = krap.

KRAPPA-RÚM, n. 'strait-room' (a place before a ship's 'lypting').

KRAPPR, a. (1) *strait, narrow* (kröpp leið); koma í krappan stað, *to get into straits*; (2) *sharp, crafty* (kröpp Guðrún).

KRAPTA-, gen. pl. from 'kraptr'; -LÁN, n. *gifts of strength (power)*; -LIFNAÐR, m., -LIF, n. *virtuous life*; -LÍTILL, a. *weak, wanting strength*; -MAÐR, m. *strong (virtuous) man*; -MIKILL, a. *strong*.

KRAPT-AUÐIGR, a. (1) *very powerful*; (2) *highly virtuous*.

KRAPTR (-S, -AR), m. (1) *might, strength, power*; með öllum krapti, *with might and main*; (2) *virtue*; (3) *superhuman being, angel*.

KRÁ, f. *nook, corner*.

KRÁKA, f. *crow* (galandi k.).

KRÁKR, m. *crow or raven*.

KRÁKU-SKEL, f. *mussel*; -STIGR, m. 'crow-path', *crooked way, zigzag*; -UNGI, m. *young crow*.

KRÁS, f. *dainty* (dýrðligar krásir).

KREDDA, f. *creed* (Lat. *credo*).

KREFJA (KREF, KRAFÐA, KRAFÐR and KRAFINN), v. *to crave, demand, claim* (k. e-n e-s); k. e-n máls, orða, *to ask speech of one* (engi þorði at k. hann orða); hann krafði dura, *he asked to be let in, knocked at the door*; refl., krefjast, *to claim*, with gen. (krafðist Hávarðr torfunnar).

KREGÐ, f. *pinning away*, a nickname.

KREISTA (-STA, -STR), v. *to squeeze, press*; fig. *to force, compel*.

KREISTING, f. *squeezing, pressing*.

KRELLR, m. *pith, spirit, hardihood* (engi krellr er í yðr).

kremja (krem, kramada,

kramiðr, kramdr

K

krossa-laust

KREMJA (KREM, KRAMADA, KRAMIÐR, KRAMDR, or KRAMINN), v. *to squeeze* (hann kramdi hold af beinum); refl., kremjast, *to be pinched, pine* (from a wasting sickness).

KRENKJA (-TA, -TR), v. *to make sick*.

KREPPA (-TA, -TR), v. *to squeeze, press*; k. at e-m, *to press hard on one* (krepptu þeir svá hart at þorgrími, at hann); impers., e-n krepptir, *one becomes crippled*; krepptir, *crippled* (hón var kreppt öll, svá at báðir fötr lágu bjúgir við knén).

KREPPA, KREPPING, f. *strait, scrape* (koma í kreppu).

KREPPINGR, m. *handful* (hafa kreppling fullan).

KRETTA (pret. KRATT), v. *to murmur, complain* (engi þorði um at kretta).

KRIKTA (-KTA, -KT), v. = kretta (þeir boldu illa, ok krikstu um).

KRING, adv. *round*; ganga í hring ok í kring, *all around, round and round*; í kring um, *around, with acc.* (þú skalt róa í kring um skútuna).

KRINGJA (-DA, -DR), v. (1) *to encircle, surround* (Birkibeinar kringdu bæinn þegar); usually with prep. 'um' (þeir kringdu um kirkjuna); (2) *to go round* (kringið um borgina).

KRINGLA, f. *disk, circle, orb*.

KRINGLÓTT, a. *round, circular*.

KRINGLU-SKURÐR, m. *tonsure*; -SÓTT, f. *the staggers* (in sheep).

KRINGR, a. *easy*; svá var honum k. skáldskapr sem öðrum mönnum mál sitt, *verse-making was as easy to him as speak to other men*.

KRISMA (AÐ), v. *to anoint*.

KRISMA, n., KRISMI, m. *chrism*.

KRISMU-KER, n. *chrismatorv*.

KRIST-FÉ, n. 'Christ-fee' (property giv-

en for the support of the poor).

KRISTI-LIGA, adv. *in a Christian-like way*; -LIGR, a. *Christian(like)*.

KRISTIN-DÓMR, m. *Christendom, Christianity* (also 'kristinn dómr').

KRISTINN, a. *Christian*; kristin lög, *ecclesiastical law*.

KRIST-MAÐR, m. *champion of Christ*.

KRISTNA (AÐ), v. (1) *to christianize*; (2) *to christen, baptize*.

KRISTNI, f. *Christianity, Christendom*.

KRISTNI-BOÐ, n., -BOÐAN, f. *preaching the Gospel*; -HALD, n. *keeping Christianity*; -LÖG, n. pl. = kristin lög; -SPELL, n. *breach, profanation of Christianity*.

KRISTR (gen. KRISTS), m. *Christ*.

KRIKAR, m. pl. *groin*.

KRJÚPA (KRÝP; KRAUP, KRUPUM; KROPINN), v. (1) *to creep, crouch* (vóru dyrnar svá lágar, at nær varð at k. inn); (2) *to fall prostrate, kneel* (þá er vér krjúpum til hans með iðran).

KROF, n. *cut-up carcase of a slaughtered animal* (cf. sauðarkrof).

KROPNA (AÐ), v. (1) *to be crippled*; (2) *to be clenched, stiffened* (var höndin kropnuð at bréfinu).

KROPNING, f. *kneeling*.

KROPPIA (AÐ), v. *to crop, pick*.

KROPPIN-BAKR, m. *hump-back*.

KROPPR (-S, -AR), m. *the body, trunk* (kroppr arnarins).

KROSS (pl. -AR), m. (1) *cross, crucifix*; (2) *sign of the cross*; í k., *cross-wise, in the form of a cross* (leggja hendr í k.; rétta sik í k.).

KROSSA (AÐ), v. *to mark with a cross*; refl., *krossast, to take the cross* (as a crusader).

KROSSA-LAUST, adv. *without making the sign of the cross*.

K

KROSSAN, f. *taking the cross*.

KROSS-FESTA (-STA, -STR), v. *to fasten to the cross, crucify*; -FESTING, f. *crucifixion*; -HÚS, n. *house containing a cross*; -MAÐR, m. *warrior of the cross*; -MARK, n. *sign of the cross*; -MESSA, f. *Cross-mass*, twice a year, in the spring (-messa um várit), the 3rd of May, *Invention of the Cross*, and in autumn, the 14th of Sept., *Elevation of the Cross*; -TÍÐIR, f. pl. *Hours of the Cross*.

KRÓKA-SPJÓT, n. *barbed spear*.

KRÓK-FALDR, m. *a form of women's head-dress*; -FJÖÐR, f. *barbed head of a spear*; -LYKILL, m. *hook-shaped key*.

KRÓKÓTT, a. (1) *crooked, win* krókótt á, *winding river*; (2) *cunning, crafty*.

KRÓK-PALLR, m. *corner seat*.

KRÓKR (-S, -AR), m. (1) *hook* (nef hans var mikít ok krókr á); (2) *barb, on a spear or arrow-head* (cf. krókaspjót, krókörr); (3) *peg* (þeir tóku reip ofan ór krókum); (4) *a fire-hook*; (5) *curve, bend, winding*; rista krók, *not to go straight*; göra sér króka, *to make a detour*; (6) *corner* (nú gangit þér í krókinn hjá húsinu).

KRÓK-STAFR, m. *crooked stick*.

KRÓK-ÖR, f. *barbed arrow*.

KRUMMA, f. *clownish hand, paw*.

KRUMMI, m. *a pet name of a raven*.

KRÚNA, f. (1) *crown*; (2) *shaven crown, tonsure*.

KRÚNA (AÐ), v. *to crown*.

KRYDD, n. *spice*.

KRYFJA (KRYF, KRUFÐA, KRUFÐR and KRUFINN), v. *to open up, disembowel* (þá krufði hann hana sinn).

KRYMMA, f. = krumma.

KRYPPA, f. *hump, hunch*.

KRYPPILL, KRYPPLINGR, m. *cripple*.

KRYSJA (KRUSTA), v. *to crouch, linger*.

KRYTJA (KRUTTA, KRUTT), v. *to murmur, grumble* (k. um e-t).

KRYTR, m. *noise, murmur*.

KRÆKI-BER, n. *crowberry*.

KRÆSAST (T), v. *to fare sumptuously*.

KRÆKILL, m. = krókstafr.

KRÆKJA (-TA, -TR), v. (1) *to hook, with dat.* (hann krækti handarstúfinum í kistuhringana); *krækt er saman beinum í þér, thy bones are hooked together, i. e. badly knit*; (2) *to grasp (drag) with a hook, with acc.* (Þ. krækti mann Sturlu at sér með øxinni); (3) *to go in circuits, in windings* (fjörðrinn krækti ymsa vegu inn í landit); (4) *vera inni kræktr, to be shut in*.

KRÖF (gen. KRAFAR, pl. KRAFIR), f. *claim, demand*.

KRÖM (gen. KRAMAR; pl. KRAMAR), f. *long or wasting illness*.

KRÖPTUGR, a. *strong, vigorous*.

KRÖPTURLIGAN, adv. *with might and main* (róa k., viz. róðr).

KUFL, m. *cowl, cowled cloak*; -HÖTTR, m. *cowl*; -MAÐR, m. *cowl-man*.

KUFLUNGR (-S, -AR), m. *cowl-man*.

KUGGR (-S, -AR), m. *large (foreign) merchant-ship, 'cog'*.

KUKL, n. *juggling, sorcery*.

KUKLARA-SKAPR, m. = kukl.

KUKLARI, m. *juggler, wizard*.

KUL, n. *breeze* (fagrt k.).

KULDA-SAMR, a. *cold, chilly*; -VATN, n. *cold water*; -VETR, n. *cold weather*.

KULDI, m. (1) *cold*; pl. kuldar, *continued cold weather* (váru frost mikil ok kuldar); (2) *fig. coldness, frigidity* (kenna kulda af e-m).

KULT, n. *quill, counterpane*.

KUL-VÍSS, a. *sensitive to cold*.

KUMBL, KUML, n. (1) *mark, sign, badge*; (2) *sepulchral monument, cairn* (þau liggja

bæði í kumli).

KUMBLA, KUMLA (AÐ), v. *to bruise, wound* (sárr ok kumlaðr).

KUMBLA-SMIÐR, m. 'wound-maker', *warrior, hero* (poet.).

KUMBL-BÚI, m. *cairn-dweller*.

KUMBL-DYS, f. *little cairn*.

KUMPÁNN (-S, -AR), m. (1) *fellow, companion*; (2) *the male organ*.

KUMPÁSS, m. = *kompáss*.

KUNNA (KANN, KUNNA, KUNNAT), v. (1) *to know, understand* (þú kannt margt þat er eigi kunnu aðrir menn); (2) *to know* (by memory); ljóð ek þau kann, er kannat þjóðans kona, *I know songs, such as no king's daughter knows*; (3) *to know a person*; unni honum hverr maðr, er hann (acc.) kunni, *every man that knew him loved him*; (4) spec. phrases; k. hóf at um e-t, k. hóf sitt, *to know the proper mean, to behave with moderation*; uxarnir kunnu þó heim, *the oxen found their way home*; k. enga mannraun *to have no experience of men*; k. e-m þökk, *aufusu, to be thankful, obliged to one*; (5) k. sik, *to know oneself* (sá er svinnr, er sik kann); *to behave well* (G. kveðst mundu meiða hann, ef hann kynni sik eigi); (6) k. sér e-t, *to understand, have clear knowledge of* (something as concerning oneself or touching one's own interest); k. sér margt, *to be skilled in many things*; k. fyrir sér = k. sér; also ellipt. *know how to conduct oneself*; (7) with dat. *to know*; ek kan skapi Gunnhildar, *I know Gunhild's temper*; (8) k. e-n e-s or um e-t, *to blame a person for a thing* (eigi hugða ek, at hann mætti mik þessa k.); eigi er hann um þat at k., *he is not to be blamed for it*; (9) *to be pleased or not with a thing*; Eyjúlfr lézt því nafni mundu vel k., *E. said he should*

TÝNI-SAMLIGR, a. *destructive*.

TÝR (gen. TÝS), m. *the god Týr*.

TÝS-DAGR, m. *Tuesday*.

TÆLA (-DA, -DR), v. *to entice, entrap*.

TÆLI-GRÖF, f. *pitfall*, = tálgröf.

TÆPI-DJARFR, a. *timid*; -LIGA, adv. *sparsingly, scantily* (launa e-t -liga); -LIGR, a. *scant, scarce*.

TÆPT, a. neut. *scantly, barely*; spjótin tóku tæpt til hans, *the spears scarcely reached him*; Kálfr gekk þá heldr tæpara, *stepped more cautiously*.

TÆRA (-ÐA, -ÐR), v. (1) *to consume, spend* (t. penninga); (2) *to entertain*, with dat. (konungr tærði honum vel ok soemiliga).

TÆJA (TÖ, TÖÐA, TÖÐR), v. (1) *to grant, bestow* (t. e-m e-t); (2) *to help, assist* (t. e-m); (3) *to avail*, = týja (hvárki tœði böen manna né féboð).

TØKI, n. pl. *implements, outfit*.

TØKI-LIGR, a. *due, proper* (á -ligum tíma, á -ligri tíð).

TØKR, a. *fair, acceptable* (tæk vitni).

TØLA (-DÁ, -T), v.; t. um e-n, *to keep a person under control*.

TÖMA (-DA, -DR), v. (1) *to empty*; (2) t. sik til e-s, *to give one's leisure* (tóm) *to, attend to* (t. sik til at heyra guðs orð); (3) refl., e-m tœmist arfr, *an inheritance falls vacant to one* (honum tœmdist arfr í Vatnsdal).

TÖNAÐAR-MAÐR, m. *helper*.

TÖNAÐR (gen. -AR), m. *help, assistance* (biðja e-n tœnaðar).

TÖÐU-, gen. from 'taða'; -ALINN, pp. *fed on infield hay*, of a horse; -ANNIR, f. pl. *the season for mowing the infield (manured field)*; -GARÐR, m. *stackyard of infield hay*; -GÖLTR, m. *homeboar*, = túngöltr; -VERK, n. *the making of hay in the infield*; -VÖLLR, m. *a manured infield*.

TÖFL, f. *piece in a game*.

TÖGLA (AÐ), v. *to champ, gnaw*.

TØGR, m. *ten*, = tigr.

TÖK-VÍSI, f. *rapacity*; -VÍSS, a. *rapacious* (-vísar hendr).

TÖLUGR, a. *well-spoken*.

TÖLU-, gen. from 'tala'; -LIST, f. *arith-*

metic; -PALLR, m. *speaker's stand, platform*; -SNJALLR, a. *eloquent*; -STAÐR, -STÓLL, m. = -pallr; -VERÐR, a. *worth counting, considerable*.

TÖL-VÍSI, f. *skill in numbers, arithmetic*; -VÍSS, a. *skilled in arithmetic*.

TÖNG (gen. TANGAR, pl. TANGIR and TENGR), f. *smith's tongs* (taka e-t, ná e-u, með töng).

TÖNN (gen. TANNAR, pl. TONN, TENNR, TEÐR), f. (1) *tooth*; glotta um t., ör við t., *to grin scornfully*; rjóða t. á e-m, *to redder one's teeth on a person, to do one harm*; (2) *walrus-tusk*; grafa t., *to carve a tusk*.

TÖPUN, f. *perdition*, = tapan.

TÖRGU-, gen. from 'targa'; -BUKLARI, SKJÖLDR, m. *target-shield*.

TÖTRA-BAGGI, m. *rag-bag*; -BASSI, m. *ragamuffin*.

TÖTRUGR, a. *tattered, torn*.

TÖTURR (pl. TÖTRAR), m. *tatters, rags; tattered garment*.

U

UGGA (-ÐA, -AT), v. (1) *to fear, suspect* (eigi uggi ek bræðr þína); eigi uggi (imperat.) þú Ísungsþana, *fear thou not the slayer of Í.*; u. ekki (lítt, fátt) at sér, *to apprehend no danger, be off one's guard*; er þat ugganda, at, *it is to be feared that*; (2) *impers., mik uggir, at, I fear that.*

UGG-LAUSS, a. *fearless, unconcerned*; -LAUST, adv. *no doubt, undoubtedly*; -LIGR, a. (1) *to be feared* (e-t þykkir -ligt); (2) *doubtful, questionable* (er þat -ligt, hvárt þú ferr í lofi mínu).

UGGR, m. *fear, apprehension*; u. er mér á, at = mik uggir, at.

UGG-SAMLIGR, a. *to be feared*; -VISS, a. *doubtful, = uggligr* (2).

UGLA, f. *owl* (uglur gular al klóm ok ne-fi, en svartar at lit).

ULL (dat. ullu), f. *wool*.

ULLAR-LAGÐR, m. *tuft of wool*; -reyfi, n. *fleece* (snjór sem -reyfi væri).

ULL-BAND, n. *woollen yarn*; -HVÍTR, a. *white as wool* (-hvítr á hár); -KAMBR, m. *wool-comb*; -KLÆÐI, n. pl. *clothes of wool*; -LAUPR, m. *wool-basket*.

UM, older UMB, prep. with acc. and dat.; I. with acc. (1) *around* (slá hring um e-n); (2) *about, all over* (hárit féll um hana alla); um allar sveitir, *all over the country*; mikill um herðar, *large about the shoulders, broad-shouldered*; liggja um akkeri, *to ride at anchor*; (3) *of proportion*; margir voru um einn, *many against one*; um

einn hest voru tveir menn, *two men to each horse*; (4) *round, past, beyond*, with verbs denoting motion (sigla vestr um Bretland); leggja um skut þessu skipi, *to pass by this ship*; ríða um tún, *to pass by a place*; (5) *over, across, along* (flytja e-n um haf); kominn um langan veg, *come from a long way off*; ganga um gólf, *to cross the floor* (but also *to walk up and down the floor*); slá, er lá um þvert skipit, *a beam that lay athwart the ship*; um kné sér, *across the knee*; e-t er hægt um hönd, *gives little trouble, is ready to hand*; (6) *of time, during, in the course of* (um mes-suna, um þingit, um sumarit); þat var um nótt, *by night*; um nætr sem um daga, *by night as well as day*; lengra en fara megi um dag, *in the course of one day*; (7) *at a point of time* (hann kom at höllinni um drykkju); um þat, *at that time, then*; um þat er, *when* (um þat, er vér erum allir at velli lagðir); (8) *of, about, in regard to a thing*; bera um e-t, dæma um e-t, *to bear witness, judge about*; tala um e-t, *to speak of*; annast um e-t, *to attend to*; sviðr um sik, *wise of oneself*; hvárr um sik, *each for himself*; var mart vel um hann, *he had many good qualities*; (9) *e-m er ekki um e-t, one does not like* (var honum ekki um Norðmenn); with infin., honum er ekki um at berjast í dag, *he has no liking to fight to-day*; er þér nökkut um, at vér rannsöfum þik ok hús þín, *have you any objection that we ...?*; e-m er mikit (lítill) um e-t, *one likes it much, little* (Guðrúnu var lítill um þat); sá, er mön-num væri meira um, *whom people liked better*; e-m finnst mikit um e-t, *one is much pleased -with, has a high opinion of* (konungi fannst mikit um list þá ok kurteisi þá, er þar var á öllu); (10) *because*

of, for; öfunda e-n um e-t, *to envy one for a thing*; verða útlagt um e-t, *to be fined for a transgression*; um sakleysi, *without cause*; (11) *beyond, above*; margir fengu eigi hlaupit um röst, *more than one mile*; hafa vetr um þrítugt, *to be thirty-one*; e-m um afl, um megn, *beyond one's strength, more than one can do* (þetta mál er nökkut þér um megn); kasta steini um megn sér, *to overstrain oneself*; um of, *too much, excessive* (þótti mörgum þetta um of); um alla menn fram or um fram alla menn, *above all men* (hón unni honum um alla menn fram); e-m er e-t um hug, *one has no mind for, dislikes* (ef þér er nökkut um hug á kaupum við oss); (12) *over, across*; detta, falla um e-t, *to stumble over* (féll bóandinn um hann); (13) *by*; draugrinn hafði þokat at Þorsteini um þrjár setur, *by three seats*; (14) *about*; þeir sögðu honum, hvat um var at vera, *what it was about, how matters stood*; hvat sem um þat er, *however that may be*; eiga e-t um at vera, *to be troubled about a thing* (lætr sem hann eigi um ekki at vera); var fátt um með þeim, *they were not on good terms*; (15) ellipt., ef satt skal um tala, *if the truth must be told*; þannig sem atburður hefir orðit um, *as things have turned out*; (16) as adv., gekk um veðrit, *veered round, changed*; ríða (sigla) um, *to ride (sail) by*; langt um, *far beyond, quite*; fljótít var langt um úfært (úreitt), *quite impassable*; um liðinn, *passed by, of time*; á þeirri viku, er um var liðin, *in the past week*; II. with dat. (1) *over, esp. poet.*; sitja um borðum = sitja yfir borðum; sá es um verði glissir, *he that gabbles over a meal*; (2) of time, *by*; um dögum, um nóttum, *by day, by night*; um sumrum, haustum, vetrum, várum, *in the summer, etc.*;

um vetrum ok sumrum, *both winter and summer*.

UMA-LAUSS, a. *without (disadvantageous) report* (cf. 'umi').

UM-ANNAN, f. *care about a thing* (umanan ok forráð staðarins).

UMB, prep., see 'um'.

UM-BAND, n. *bandage* (-band um sár); -BERA, v. *to bear with* (má vera at þeir -beri betr við þik); -BERGIS, prep. and adv. = -hverfis; -BOÐ, n. *charge, commission* (fá e-m -boð sitt).

UMBOÐS-MAÐR, m. *commissary, steward* (-maðr biskups, klaustrs).

UM-BÓT, f. (1) *mending, bettering*; (2) esp. plur. *repairs* (þurfa -bóta).

UMBÓTA-MAÐR, m. *one who mends matters* (vér þurfum -menn).

UM-BREYTA (-TTA, -TTR), v. *to change, alter* (aldri -breytti hann sínum orðum); -BREYTING, f. *change*; -BROT, n. pl. *violent struggle, convulsion*; -BÚÐ, f. (1) *apparatus, equipment*; (2) *arrangement, preparation* (þeir tóku strengina ok veittu þessa -búð alla); -BÚNAÐR, m. (1) = -búð; (2) *burial* (gröftr eða -búnaðr); (3) *bed*; var honum veitir hægligir -búnaðr, *a soft bed*; -BÚNINGR, m. = -búnaðr; *outfit* (var henni veitir -búningr, sem hón þurfti at hafa); -DÝRI, n. *lintel*; -DÆMI, n. *adjustment*; -DÖGG, f. poet., -dögg arins, 'hearth's dew', soot; -FANG, n. *struggle, bustle*.

UMFANGS-MIKILL, a. *making a great stir, boisterously active*.

UM-FERÐ, f. *circuit, round journey*.

UMFERÐAR-PILTR, m. *itinerant lad*.

UM-FRAM, prep. with acc. (1) *above, beyond* (-fram aðra menn); (2) as adv. *besides* (tólf menn ok lögsögumaðr -fram); ríða -fram, *to ride by*; at hvárigir gangi

þar -fram, *trespass beyond that*; (3) -fram um or of, *beyond*; vera -fram of aðra menn, *to excel others*.

UM-GANGR, m. (1) *a passage round a building*; (2) *management, care*.

UMGANGS-MAÐR, m., mikill -maðr, *a great husbandman, good manager*.

UM-GENGI, n. *management, care*; -GERÐ, f. (1) *sheath, scabbard*; (2) *mounting, frame*; -GJÖRÐ, f. = -gerð; -GRÖPTR, m. *'digging round', searching*; -GYRÐA (-RÐA, -RÐR), v. *to encircle, surround*; -HORF, n. *a looking round*; hversu þar var -horfs, *how it looked there*; -HUGSAN, f. *reflection*; -HVERFIS, prep. and adv. (1) *with acc. round, all around* (settu þeir lið sitt -hverfis borgina); (2) *as adv., þar -hverfis, allt -hverfis, there about, all around*; -HVERFUM, prep. and adv. = -hverfis; -HYGGJA, f. *care* (þeir vilja svip-ta þik várri -hyggju ok forsjá).

UMHYGGJU-LAUSS, a. *neglected*; -laust, adv. *carelessly*.

UMI, m. *unfavourable rumour*.

UM-KAST, n. *sudden change, convulsion*; -KAUP, -KEYPI, n. *exchange, barter*; -KRINGIS, prep. *with acc.* = -hverfis; -KRINGJA (-ÐA, -ÐR), v. *to surround*; -KVÆÐI, n. *term, expression, wording*.

UMLA (AÐ), v. *to mutter, mumble* (hann umlaði við).

UM-LEITAN, f. *a seeking for, negotiation* (sætta -leitan); -LES, n. = -lestr.

UMLES-MAÐR, m. *slanderer*; -LESTR, m. *slander*.

UM-LIÐINN, pp. *past, of time*; -LIÐNING, f. *course of time*; -MÁL, n. (1) *circumference*; (2) *what is said or uttered*, = -mæli; -MERKI, n. (1) *a marking out* (setja stengr til -merkja); (2) *boundary*; -MERKJA (-TA, -TR), v. *to bound, form the bound-*

ary of.

UM-MÆLI, n. pl. *utterances, words said* (þér skuluð ráða yðrum -mælum); -MÆLING, f. *circumference*; -MÖRK, n. pl. = -mæli; -RÁÐ, n. (1) *consideration*; (2) *guidance, management* (með, eptir -ráði e-s); (3) pl. *deliberation, consultation*; þykkir mér at þér mikit traust til -ráða, *for consultation*; -RÁS, f. *course* (-rás sólar); -RENNENDR, m. pl. *marauders*; -RENNINGR, m. *vagrant, marauder*; -RÆÐI, n. = -ráð; -RÆÐA, f. *discourse, talk*; -RÆÐILIGR, a. *worth mentioning*; -SAMNING, f. *agreement, reconciliation*; -SAT, f. (1) *siege*; (2) *ambush, waylaying* (veita e-m -sat).

UMSÁTAR-MAÐR, m. *waylayer*.

UM-SETA, f., -SETR, n. *siege* (-seta Jór-salaborgar); -SITJENDR, m. pl. *neighbours*; -SJÁ, f. *oversight, care, supervision* (veita e-m -sjá).

UMSJÁ-LAUSS, a. *unprovided for*.

UM-SJÁR, m. *the surrounding sea, the ocean*; -SJÓ, -SJÓN, f. = -sjá; -SJÓR, m. = -sjár; -SKIPTI, n. *change, turn* (-skipti hafa nú orðit); -SKIPTILIGR, a. *shifty, changeful*; -SKIPTING, f. *change*; -SKORNING, f., -SKURÐR, m., -SKURN, f. *circumcision*; -SKYGGJA (-ÐA, -ÐR), v. *to overshadow*; -SKYGNARI, m. *outlooker, scout*; -SNIÐNING, f. *circumcision*; -SNÚA, v. *to overthrow*; -SPILLENDR, m. pl. *slanderers, disparagers*; -STILLI, n. *guidance, management*; -SVIF, n. *activity*.

UMSVIFS-MAÐR, m. *an active man* (hann var -maðr mikill um bú sitt).

UM-SÝSLA, f. *occupation, assistance, aid* (hét hann sinni -sýslu við föður sinn).

UMSÝSLU-MAÐR, m. (1) *man of business, active man* (-maðr mikill); (2) *steward, manager* (hann var þá -maðr í Reykja-

holti); -MIKILL, a. *active, busy* (væn kona ok mikil).

UM-TAL, n. *talk, conversation* (er hann heyrði -tal manna).

UMTALS-MÁL, n. *matter of discussion*.

UM-TURNA (AÐ), v. *to turn upside down, upset*; -TURNAN, f. *upsetting*; -VANDAN, f. *reprimand, admonition*; -VENDA (-NDA, -NDR), v. *to turn about, change*; -VENDING, f. *conversion*; -VERGIS, prep. and adv. = -bergis.

UNA (UNI, UNDA, UNAT), v. (1) *to be content* in a place (Tumi undi eigi í Flateyju); (2) *to dwell, abide*, in a biblical sense (u. í helgum friði); (3) *to enjoy, be happy in, content with a thing*; þeir undu illa sínum hlut, *they were much dissatisfied with their lot*; u. lífi, *to enjoy life*; u. vel við ráð sitt, *to be content with one's lot*; uni (imperat.) þú vel við, *be content!* u. sér, u. við sik, *to be happy, feel at ease*; u. lítt eptir e-n, *to feel deeply the loss (death) of a person*.

UNAÐ, n. *delight, happiness* (þetta er sællífi ok unað heilagra).

UNAÐ-LIGR, -SAMLIGR, -SAMR, a. *delightful*; -samar vistir, *a happy home*.

UNAÐS-BÓT, f. *delight* (skömm -bót).

UNAÐ-SEMD, f. *charm, delight*.

UNAÐS-ILMR, m. *sweet smell*; -SÝN, f. *happy sight*; -VIST, f. *happy home*.

UND (pl. -IR), f. *wound* (undir dreyrgar); cf. 'holund', 'mergund'.

UND, prep. *under*; see 'undir'.

UNDAÐR, pp. *wounded* (geiri, sverði u.); cf. 'hjørundaðr'.

UNDAN, prep. with dat. and adv. (1) *from under, from beneath*; hann hjó u. honum fótinn, *he cut his leg off*; hann spratt upp u. borðinu, *he sprang up from (sitting at) the table*; hann spratt upp u. garðinum, *from under the fence*; halda

skipum u. landi, *to stand away from the shore*; (2) *without motion*; skert var út u. firðinum, *the skerry was just off the mouth of the fjord*; G. prestr u. Felli, *from Fell*; (3) *from, away*; snúa u. e-m, *to turn away from*; heimta fé mitt u. Hrutí, *to claim my property out of Hrut's hands*; (4) *ahead of, before* (ganga, fara u. e-m); (5) *as adv.* (hann lætr fara u. sauðfé þat, *er skjarrast var*); komast u., *to escape*.

UNDAN-BOÐ, n., -boð fjár, *taking invested money out of a person's keeping*; -BRAGÐ, n. *device, subterfuge*; -DRÁTT, m. *evasion, shirking*; -FERÐ, f. *means of escape*; -FERLI, n. *evasion*; -FÆRI, n. = -ferð; -FÆRSLA, f. *evasion, pleading one's innocence*; -HALD, n. *flight*; -HERKJAN, f. *shirk, subterfuge*; -KOMA, -KVÁMA, f. *escape*; -LAUSN, f. *releasing, redemption*; -MÆLI, n. *excuse*; -RÁS, f. *running away*; -RÓÐR, m. *rowing away*.

UNDAR-LIGA, adv. *wonderfully, extraordinarily*; -LIGR, a. *wonderful, extraordinary, marvellous*.

UNDIR, prep. with dat. and acc.; I. with dat. (1) *under*; þá brast í sundr jörð u. hesti hans, *the earth burst asunder under his horse*; þungur u. árum, *heavy to row*; þeir leita þeirra ok finna þá u. eyju einni, *they seek for them and find them under an island*; u. þeim hesti var alinn Eiðfaxi, *that horse was the sire of E.*; (2) *fig.* (undir þeim biskupi eru ellifu hundruð kirkna); eiga u. sér, *to have under one, in one's power*; eiga fé undir e-m, *to have money in his hands, deposited with him*; (3) *under, depending on*; orlög vár eru eigi u. orðum þínum, *our fate does not depend on thy words*; hann á vin u. hverjum manni, *he has a friend in every man*; (4) *ellipt.* or adverbial usages; vóru þau (Njáll ok

Bergþóra) úbrunnin u., *they were unburned underneath*; meðan töður manna eru u., *whilst the hay is lying* (mown, but not got in); ef þér þœtti nökkut u. um mik, *if thou hast cared at all for me*; sól (dagr) er u., *the sun (day) is down, under the horizon*; væri oss mikit u., *at vér fengim liðsinni hans, it were worth much to us to get his help*; II. with acc. (1) *under, underneath*, denoting motion (var settr u. hann stóll); (2) of time; hrökk u. miðdegi, *it drew close to midday*; (3) fig. leggja u. sik, *to lay under oneself, to subjugate*; þjóna u. e-n, *to serve under one*; þessa laxveiði gaf hann u. kirkjuna, *he made it over to the church*; bera fé u. e-n, *to bribe one*; leggja virðing konungs u. vápn mín, *to let it depend on my weapons*; ef u. oss skal koma kjörir, *if the choice is to be left with us*; Hjört þótti mér þeir hafa undir, *H. me thought they got under*; ef kona tektr mann u. bónda sinn, *if she be untrue to her husband*; bjóða fé í leigu u. sik, *to offer to pay money for one's passage*.

UNDIR-BISKUP, m. *suffragan bishop*; -BORG, f. *suburb*; -BROT, n. *subjugation, subjection*; -BÚI, m. *underdweller*; -BYRLI, m. *under-cupbearer*; -DJÚP, n. *gulf, abyss*; -DRÁTTTR, m. *unfair gain*; -DRÁTTULL, a. *covetous, making unfair gain*; -ELDI, n. *offspring, breed, of animals*; -FÓLK, n. *subjects*; -FÖRULL, a. *dealing underhand, false*; -GEFINN, pp. *subject*; -GJÓF, f. *subjection*; -GREFILL, m. *underminer*; -GRÖPTR, m. *undermining*; -GØRÐ, f. *cushion under a saddle*; -HEIMAR, m. pl. *the nether world, lower regions*; -HLUTR, m. *the lowest part (of a ship)*; -HÚS, n. *the nether part of a house*; -HYGGJA, f. *craft, cunning, deceitfulness*.

UNDIRHYGGJU-FULLR, a. *guileful, false*;

-LAUSS, a. *guileless*; -LEYSI, n. *guilelessness*; -MAÐR, m. *guileful man*; -SAMR, a. *guileful*.

UNDIR-KLÆÐI, n. *under-garment*; -KONUNGR, m. *tributary king*; -KURR, m. *secret artifice*; -KYRTILL, m. *under kirtle*; -LAND, n. *province*; -MAÐR, m. *subordinate, subject*; -MÁL, m. pl. *underhand dealings, secret stipulation*; -OKA (AÐ), v. *to subject*; -ORPINN, pp. *subjected*; -PRESTR, m. *subordinate priest*; -RÓT, f. *origin prime cause of a thing*; -SETA, f. *pressure, influence*; -SKÁLI, m. *under-hall*; -SKEMMA, f. *under-room*; -STAÐA, f. (1) *stand, = stétt (kross með -stöðum)*; (2) *ground-work, base*; (3) *the true sense or meaning*; -STANDA, v. *to understand, perceive*; -STOKKR, m. *under-post in a building*; -STÓLPÍ, m. *pillar*; -TEKT, f. *answer (vitrligar -tektir konungs)*.

UNDORN, m. (1) *mid-forenoon, 9 a. m.* (um morgininn at ~i); (2) *midafternoon, 3 p. m.*

UNDR, n. (1) *wonder* (brestr svá mikill, at öllum þótti u. at); (2) with the notion of *shame, scandal* (þat var u. mikit, at hann skyldi liggja fyrir fótum þeim); göra sik (gørast, verða) at undri, *to make a spectacle of oneself, be made a spectacle of*.

UNDRA (AÐ), v. (1) *to wonder at*, with acc. (allir undra þessa manns afl); (2) *impers., mik undrar, it astonishes me*; (3) *refl., undrast e-t, to wonder at* (fóru menn út ór hverri búð at u. þá); u. um e-t, *to be astonished at*.

UNDRA-MAÐR, m. *wonderful man*.

UNDRAN, f. *wonder, astonishment*.

UNDRANAR-VERÐR, a. *wonderful*.

UNDR-LÁTR, a. *given to wondering, eager for strange news*; -LIGR, a. *wonderful, strange*; -SAMLIGR, a. *wondrous*; -SJÓN,

f. *a wonder to see, spectacle*; verða at -sjónum = *verða at undri*; -SKAPAÐR, pp. of *portentous or wonderful shape*.

UNGA-ALDR, m., á -aldri, *in his youth*.

UNG-BARN, n. *infant*; -FÉ, n. *young cat-tle, young stock*; -HERRA, m. = *jungherra*; -HRYSSI, n. *young colt*.

UNGI, m. *the young of a bird*.

UNG-LAMB, n. *young lamb*; -LEIKI, m. *youth*; -LIGR, a. *youthful*; -ligr í ásjónu, *boyish-looking*; -MENNI, n. *young man, youth*.

UNGR (YNGRI, YNGSTR), a. *young*.

UNG-SVEINN, m. *young lad*; -VIÐI, n. *young trees*.

UNNA (ANN, UNNA, UNNAT and UNNT), v. (1) *not to grudge; to grant, allow, bestow*; u. e-m e-s (Hreiðmarr unni þeim einskis penninga af gullinu); u. e-m laga, *to give one the benefit of the law, give one a fair trial*; ek ann þér eigi faðmlagsins Helgu ennar fögru, *I grudee thee the embrace of H. the Fair*; with infinitive, hann unni öngum at njóta fjárins nema. sér, *he could not bear that any one should enjoy the money but himself*; (2) *to love, with dat. (eigi leyndu augu, ef ann kona manni); u. e-m hugdstum, to love one dearly; þeim var ek verst, er ek unna mest, I was worst to him whom I loved the most*; (3) recipr., unnast, *to love one another* (þau unnust mikit systkin).

UNNANDI (pl. -ENDR), m. *lover*.

UNNASTA, f. (1) *sweetheart*; (2) *mistress* (ein af unnustum jarls).

UNNASTI, m. *lover*, = unnandi.

UNNR (gen. -AR, pl. -IR), f. *wave*.

UNN-VÖRP, n. pl. *dashing of waves*; falla (fella) -vörpum, *to fall (kill) in large numbers*.

UNUNAR-SAMR, a. *delightful* (var þar

harðla -samt inni).

UNZ (for 'und es'), conj. *till, until* (glæðr skyli gumna hverr, u. sinn bíðr bana); til þess unz, *until*.

UPP, adv. (1) *up*; u. ok niðr, u. ok ofan, *up and down*; íkorni renn u. ok niðr eptir askinum, *a squirrel springs up and down the tree*; grípa u., *to pick up*; u. með, *up along*; líta u., *to look up*; búa (gera) u. hvílu, *to make up a bed*; drepa u. eld, *to strike fire*; (2) with the notion of consuming; drekka (eta) u., *to drink (eat) up*; ausa u., *to bale out*; skipta u., *to share it all out*; (3) with the notion of discovery; spyrja, fréttu u., *to find out*; (4) *quite*; fullr u. flærðar, *brimful of falsehood*; (5) of time; u. frá því, *ever since*; u. heðan, *henceforth*; (6) upp á, *upon, on*; u. á trú þína, *upon thy faith*; u. á Ebresku, *in Hebrew*; sjá, horfa u. á, *to look upon*; hugsa u. á, *to yearn for, to be bent on*.

UPPAUSTRAR-MAÐR, m. *babbler*.

UPPBURÐAR-LÍTILL, a. *shy, timid*.

UPP-DALR, m. *up-dale, inland valley*; -DYRI, n. = ofdyri; -FESTA (-STA, -STR), v. *to suspend*; -FESTING, f. *suspension*; -FÓSTR, n. *rearing, fostering*; -FRÆÐING, f. *instruction*; -FØÐI, n., -FØZLA, f. *breeding, fostering*; -GANGA, f. (1) *going up, ascent* (-ganga í borgina); -ganga sólar, *sunrise*; (2) *going up on land, going ashore* (hann eggjar menn sína til -göngu); (3) *boarding a ship* (fengu þeir -göngu; á skipit); (4) *landing-place, pass*; -GANGR, m. (1) = uppganga 4; (2) *good luck, success, fame* (var þá -gangr hans sem mestri); -GEFNING, f., -GJÖF, f. *re-mission* (-gjöf um sakir); -GREIZLA, f. *payment, discharge*; -HAF, n. (1) *beginning* (þat er -haf á sögu þessi); frá -hafi, *from the beginning*; (2) *advancement, honour*

(þótti þeim mikit -haf í, ef þau væri lík guði); -HAFARI, m. *founder*; -HAFLIGR, a. *original*; -HAFNING, f. *elevation, pride*.

UPPHAFS-MAÐR, m. *author, originator* (-maðr at e-u, til e-s); -STAFR, m. *initial letter*.

UPP-HALD, n. (1) *holding up, lifting*; (2) *keeping up, preservation* (veita -hald musterinu).

UPPHALDS-KERTI, n. *a taper to be held up or carried in procession*; -MAÐR, m. *upholder, maintainer*.

UPP-HÁR, a. *coming high upon the leg* (-hár skór); -HEIMR, m. *the heaven*; -HELDI, n. *upholding, maintenance*; -HLAUP, n. *riot, tumult*.

UPPHLAUPS-MAÐR, m. *rioter*.

UPP-HLUTR, m. *the upper part of a kirtle*; -HÆÐ, f. *elevation*.

UPPI, adv. (1) *up*; sitja u., *to sit up*; hafa u. *oxina, to lift the axe*; standa u., *to be left standing* (þeir, er þá stóðu u.); *to lie ashore*, of a ship; var u. *röst mikil á firðinum, the current rose high*; eiga vef u., *to have a loom up, to be at work weaving*; vera snemma u., *to be up early*; láta e-t u., *to come forth with*; (2) vera u., *to live* (í þeirra manna minnum, er þá voru u.); *to be at an end, gone* (var u. hverr peningr); nú munu u. *sögur þínar, now you must be quite at the end of your stories*.

UPPIVÖZLU-MAÐR, m. *a turbulent, overbearing man*; -MIKILL, a. *turbulent, overbearing*.

UPP-KAST, n. *stretching, drawing*; -KOMMA, -KVÁMA, f. *coming-up, outbreak* (-komma elds); -KVEIKING, f. *kindling*; -LENDINGAR, m. pl. *the men from the Upplönd*; -LENZKR, a. *belonging to the Upplönd*; -LÉTTI, n. *ceasing, of rain*; -LITNING, f. *looking up, contemplation*;

-LÍTILL, a. *small at the upper end, tapering*; -LOK, n. *unlocking opening*; -LOKNING, f. (1) = -lok; (2) *delivery*; -LOST, n., -LOSTNING, f. *false rumour*; -LÆGR, a. *elevated, lying high*.

UPP-LÖND, n. pl. *the Uplands, inland counties, in the east of Norway*.

UPP-NÁM, n., tefla í -nám, *to expose a piece so that it can be taken*; -NUMNING, f. *being taken up into heaven, assumption*.

UPPNUMNINGAR-DAGR, m. *Assumption-day* (-dagr Maríu).

UPP-NÆMR, a. (1) *confiscable, forfeitable* (fé -næmt konungi); (2) vera -næmr fyrir e-m, *to be helpless, at one's mercy*; -ORPINN, pp. = -næmr 2; -RÁS, f. (1) *rise, ráss elds, eruption*; sólar -rás, *sunrise*; (2) *raid, descent, from ships* (veita, gera -rás); (3) *origin* (-rás ok æfi þeirra merkismanna); (4) *cause* (-rás alls úfriðar); -REGIN, n. pl. *the high gods*; -REISING, f. *a raising up, reparation*; -REISN, f. = -reist 2; -REIST, f. (1) *uprising, rebellion* (gera -reist í móti konungi); (2) *raising up, reparation* (hljóta skaða, en enga -reist); fá -reist, *to rise again*.

UPPREISTAR-DRÁPA, f. *a poem on the creation*; -SAGA, f. *the story of creation, the book of Genesis*.

UPP-RENNANDI, pr. p. *rising* (at rennandi sólu); -RÉTTR, a. *upright, erect* (sitja -réttr); -RISA, f. *resurrection* (eptir-risu Jesu).

UPPRISU-DAGR, m. *Resurrection-day*.

UPP-RUNI, m. (1) *rise* (-runi sólar); (2) *growth*; (3) *origin*; (4) *the growing age, youth*; -RÆTA (-TTA, -TTR), v. *to root up*; -SAGA, f. *pronouncing* (-saga dóms); -SÁT, f. and n. *a place where ships are drawn ashore*; -SKÁR (-SKÁ, -SKÁTT), a. *communicative* (gerast -skár um e-t); -SKELDR,

pp. *mounted* (-skellt skaptit með silfri); -SKOT, n. *delay*; -SLÁTTA, f. = *upplóst*, *false rumour*; -SMÍÐI, n. *building, raising a house*; -SPRETTA, f. (1) *spring fountain-head* (-spretta árinna); (2) *source* (-spretta úfriðar í landinu); -STAÐA, f. (1) *a standing upright*; (2) *a standing up, rising*; -STERTR, a. *strutting*; ganga -sterti, *to walk haughtily*; -STIGNING, f. (1) *rising, ascent, advance*; (2) *the Ascension*.

UPPSTIGNINGAR-DAGR, m. *Ascension-day*.

UPPSTIGU-DAGR, m. *Ascension-day*.

UPPSTÖÐU-TRÉ, n. *post*.

UPP-SÖGN, f. = -saga; -TAK, n. *income, resource*; -TAKA, f. (1) *taking up*; (2) *seizure, confiscation* (-taka búanna); (3) *the translation of a saint*; -TEKJA, f. (1) *a taking to a thing*; (2) *beginning*; (3) *reception* (cf. taka e-t vel, illa upp); -TEKNING, f. *the translation of a saint*; -TEKT, f. (1) *seizure* (fjár -tekt); (2) *income, revenue*; (3) *beginning of a discourse* (hann hafði þá -tekt, at); -TENDRAN, f. *kindling*; -TÆKR, a. (1) *confiscable, forfeitable*; (2) *helpless, at one's mercy*, = -næmr; -VARP, n. (1) *throwing up* (of a volcano); (2) *source, cause* (-varp alls úfriðar); -VÍSS, a. *found out, known* (varð aldri -víst, hverr þetta víg hafði vegit); láta e-t -víst, *to make known*; -VÖXTR, m. (1) *growth*; seinligr í -vexti, *slow in growing up*; (2) *stature, height* (lítill var -vöxtr hans).

UPPVÖZLU-MIKILL, a. *boisterous* = *up-pivözlu-mikill*.

UPP-ÞUNNR, a. *thin upwards*.

UPS, f. *eaves* (Egill skaut endanum, er logaði, upp undir upsina).

UPSI, m. *coal-fish*, a nickname.

URÐ (pl. -IR), f. *heap of stones fallen from a hill* (grjót ok urðir).

URÐA (AÐ), v. *to cover with stones*.

URÐAR-MAÐR, m. *outlaw* (gera e-n at -manni); cf. 'skógarmaðr'.

URÐAR-MÁNI, m. *a 'weird moon', boding evil*; -ORÐ, n. *decree of fate*.

URÐ-GRÖFR, a. *that ought to be buried under piles of stones*.

URÐR (gen. -AR), f. *weird, fate*.

URÐR, m. *bane, curse* (u. öðlinga).

URGA (AÐ), v. *to gnash* (u. tönnum).

URGA, f. *strap, rofie's end* (rare).

URL, n. *a kind of hood* (for. word).

URT (pl. -IR), *herb*, = jur.

USLI, m. *burning embers, fire* (eldr OK usli); *devastation by fire*.

USLI, m. *damage*, = auvisli.

UTAN, adv.; see 'útan'.

UXA-BÁSS, m. *ox-stall*; -HNÚTA, f. *joint-bone of an ox*; -HÚÐ, f. *oxhide*; -HÖFUÐ, n. *head of an ox*; -KJÓT, n. *ox-beef*; -MERKI, n. *Taurus, in the Zodiac*.

UXI (pl. UXAR, older forms YXN, EYXN, ØXN), m. *ox*; yxninir, *the oxen*; eyxn margir, *many oxen*; neut. plur., þrjú yxn, *three oxen*.

Ú

Ú or Ó, a negative prefix before nouns, adjs., advs., and verbs, *in-, un-, dis-*.

ÚA (only pret. ÚÐI), v. *to swarm, teem with* (hvert vatn úði af fiskum).

Ú-AFLÁTLIGA, adv. *incessantly*; ÚAFLÁTSAMR, a. *unintermittent*; ÚAFSKIPTSAMR, ÚAFSKIPTINN, a. *not meddling*; ÚALANDI, pr. p. *who must not be fed*, of an outlaw.

ÚALDAR-, gen. from 'úöld'; -FLOKKR, m. *band of rovers*; -MAÐR, m. *rover, villain*; -VETR, m. *famine-winter*.

Ú-ALINN, pp. *unborn*; ÚARFGENGR, a. *not entitled to inherit*; ÚARGR, a. *wild, savage*; hit úarga dýr, *the fierce animal, the lion*; ÚARMVITUGR, a. *uncharitable, hard-hearted*; ÚATHUGA-SAMR, a. *inattentive*; ÚATHYGLI, f. *inattention*; ÚAUÐIGR, a. *unwealthy, destitute*; ÚAUÐLIGR, a. *not likely to be destroyed*; ÚAUÐNA, f. *ill-luck, misfortune*; ÚAUÐRÁÐINN, pp. *not easily managed*; ÚÁFENGINN, a. *not intoxicating*; ÚÁGANGASAMR, a. *not encroaching upon others, peaceful*; ÚÁGENGILIGR, a. *not aggressive*; ÚÁGJARN, a. *not covetous*; ÚÁHLÝÐINN, a. *self-willed*; ÚÁKAFLIGA, adv. *listlessly*; ÚÁKAFR, a. *not eager, slovenly*; engu úákafari, *no less eager*; ÚÁLEITINN, a. *unencroaching*; ÚÁR, n. *bad season, dearth*; ÚÁRAN, n. *bad season, dearth*; ÚÁRENNILIGR, a. *not easy to attack*; ÚÁRLIGR, a. *unthriving*; ÚÁRVÆNN, a. *not promising a good crop or season*;

ÚÁRÆDILIGR, a. *unlikely*; ÚÁSTFÓLGINN, pp. *unbeloved*; ÚÁSTÚÐUGR, a. *loveless*; ÚÁSTÚBLIGR, a. *unamiable*; ÚÁTAN, f. *a thing not to be eaten*; ÚÁVAXTASAMR, a. *unproductive*; ÚBARÐR, pp. *unbeaten*; ÚBEBINN, pp. *unbidden*; ÚBEIÐULL, a. *not requesting*; ÚBEINN, a. *not straight; awry*; ÚBERNSKLIGA, adv. *unchildishly, like a grown-up man*; ÚBERR, a. *not naked, hidden*; ÚBEYGILIGR, a. *unbending, unyielding*; ÚBILGJARN, a. *unyielding, wrong-headed*; ÚBILT, a. n. *not frightened*; bróðurnum var úbilt, *the brother was not afraid*; láta sér verða ú., *to take fright*; ÚBIRGR, a. *unprovided*; ÚBIRKTR, pp. *unbarked*; ÚBIRTA, f. *darkness*; ÚBJARTR, a. *not bright, dark*; ÚBLAUÐR, a. *dauntless*; ÚBLIÐA, f. *disfavour*; ÚBLIÐR, a. *unkind, frowning*; ÚBLÓÐIGR, a. *unbloody*; ÚBOÐINN, pp. *unbidden*; ÚBORINN, pp. *unborn*; ÚBÓKFRÓÐR, a. *unlettered*.

ÚBÓTA-, gen. pl. from 'úbætr'; -MAÐR, m. *criminal*; -MÁL, n. *a case which cannot be atoned for with money*; -SÖK, f. *crime, felony*.

ÚBRAGÐLIGR, a. *dull-looking*; ÚBRÁÐGÖRR, a. *slow of growth*; ÚBRÁÐR, a. *slow*; ÚBRÁTT, slowly; ÚBRÁÐREIÐR, a. *dispassionate*; ÚBREIDDR, pp. *unspread*; ÚBREYTÍLIGA, adv. *in a common manner*; ÚBREYTIIGR, a. *unchangeable*; ÚBREYTR, pp. *unaltered*; u. maðr, *a common, plain, everyday man*; ÚBRIGÐANLIGR, a. *unchangeable*; ÚBRIGÐR, pp. *unchanged, steadfast* (ú. vinr); ÚBROTGJARN, a. *not brittle*; ÚBROTINN, pp. *unbroken*; ÚBRYDDR, pp. *unshod*; ÚBÚINN, pp. *unprepared*; *unready, unwilling*; ÚBYGÐ, f. *unpeopled tract, wilderness*; ÚBYGÐR, pp. *unpeopled*; ÚBYGGILIGR, a. *uninhabitable*; ÚBYRJA, a. *barren, sterile, of a woman*; ÚBÆRILIGR,

a. *unbearable*; ÚBÆNIR, f. pl. *curses, imprecations*; ÚBÆTILIGR, a. *irreparable*; ÚBÆTR, f. pl. *an act that cannot be atoned for by money*; ÚBÆTTR, pp. *unatoned, not atoned for*; ÚDAUÐAHRÆDDR, a. *not afraid for one's life*; ÚDAUÐLEIKR, m. *immortality*; ÚDAUÐLIGR, a. *undying, immortal*; ÚDAUÐR, a., ú. at eins (at einu), *all but dead*; ÚDAUFLIGR, a. *not dull*; ÚDAUNAN, f., ÚDAUNN, m. *bad smell*.

ÚDÁÐA-MAÐR, m. *malefactor*; -VERK, n. *crime*.

ÚDÁÐIR, f. pl. *misdeeds, outrage*.

ÚDEIGLIGA, adv. *harshly*; ÚDEILDR, pp. *undivided, whole*; ÚDIRFÐ, f. *lack of courage*; ÚDJARFR, a. *timid*; ÚDRÁPGIARN, a. *hot bloodthirsty*; ÚDRENLIGA, adv. *unmanfully, meanly*; ÚDRENGILIGR, a. *unworthy of a man*; ÚDRENGR, m. *bad fellow*; ÚDRENGSKAPR, m. *meanness*; ÚDRJÚGR, a. *falling short*; ÚDRUKKINN, pp. *sober*; ÚDYGD, f. *faithlessness, bad faith; dishonesty*; ÚDYGGLEIKR, m. *dishonesty*; ÚDYGGR, a. *dishonest, wicked*; ÚDÝRR, a. *not dear, cheap*.

ÚDÆLDAR-MAÐR, m. *overbearing man*.

Ú-DÆLL, a. (1) *difficult, hard*; (2) *overbearing, quarrelsome*; ÚDÆLLEIKR, m. *overbearing temper*.

ÚDÆMA-MIKILL, a. *portentous*; -VERK, n. *monstrous deed, enormity*.

ÚDÆMI, n. pl. *enormity, monstrous thing*; vera með údæmum, *to be unexampled*; ÚDÆMILIGR, a. *unexampled, enormous*; ÚEFNI, n. *perplexed, precarious state of affairs*; ÚEINARÐR, a. *insincere*; ÚEIRARFULLR, a. *unruly*; ÚEIRÐ, f. *disquietude, tumult* (kapp fullr ok úeirðar); ÚEIRINN, a. *unruly unforbearing*; ÚENDANLIGR, a. *endless, interminable*; ÚFAGNA (AÐ), v. *condole with*; ÚFAG-

NAÐR, m. (1) *row*; (2) *wickedness*; (3) *plague*; ÚFAGR, a. *ugly*; ÚFAGRLIGR, a. *unhandsome*; ÚFALL, n. *mishap*; ÚFALLINN, a. *unfitted, unbecoming*; ÚFALR, a. *not for sale*; ÚFALSADÐR, pp. *unfalsified*; ÚFARINN, pp. *not gone*; ÚFARNAÐR, m. *misfortune*; ÚFÁGULIGR, a. *unpolished*; ÚFEGINN, a. *not glad, sorry*; ÚFEGRAÐR, a. *unadorned*; ÚFEIGR, a. *not fey*; ÚFELDR, a. = úfallinn; ÚFENGILIGR, a. *of little value, unimportant*; ÚFENGINN, pp. *not got*; ÚFERJANDI, pr. p. *not to be ferried, of an outlaw*; ÚFÉSAMR, a. *yielding little profit, unprofitable*; ÚFIMLEIKR, m. *unhandiness*; ÚFIMLIGA, adv. *awkwardly*; ÚFIMR, a. *awkward*; ÚFJÖLLÓTR, a. *without mountains*; ÚFJÓT, n. pl. *broils, blunders*; ÚFLATTR, pp. *uncut up, of fish*; ÚFLEYGR, a. *unfledged, not able to fly*; ÚFLJÓTR, a. *slow*; ÚFLOKKR, m. *rabble*; ÚFLUGUMANNLIGR, a. *not like a flugumaðr*; ÚFLÝJANDI, a., ú. herr, *an overwhelming host*; ÚFORSJÁLIGR, a. *imprudent*; ÚFORVITINN, a. *not curious*; ÚFÓLGINN, pp. *unhidden*; ÚFÓTHVATR, a. *unswift of foot; ekki ú., not slow of foot*; ÚFÓTLINR, a. *not soft for the foot* (stigr ú.).

ÚFR (-s, -AR), m. (1) *roughness, rough edge, splinter*; (2) *hostility* (risu úlar á vinfengi þeira); (3) *the uvula* (fekk hann til lækni at skera sér úf); (4) *the horned owl*.

ÚFR, a. *hostile* (úfar 'to disir).

Ú-FRAMARR, adv. *less forward*; ÚFRAMGJARN, a. *shy*; ÚFRAMLIGA, adv. *not forwardly, shyly*; ÚFRAMR, a. *unforward, shy*; ÚFRAMSÝNI, f. *improvidence*; ÚFRÁLEIKR, m. *slowness*; ÚFRÁR, a. *faint, weakly*; ÚFREGIT, pp. n. *unasked*; ÚFREKLIGA, adv. *not forwardly*; ÚFREKR, a. *not forward*; ÚFRELSA (AÐ), v. *to make cap-*

tive, deprive of freedom; ÚFRELSI, n. tyranny; ÚFREMD, f. shyness; ÚFRESKI, ÚFRESKR, see 'ófreski, ófreskr'; ÚFRIÐAST (AÐ), v., úfriðast með þeim, they become enemies.

ÚFRIÐAR-FLOKKR, m. *hostile band; -FYLGIJUR, f. pl. 'fetches' of hostility; -KVITTR, m. rumour of war; -LAUST, adv. peacefully; -MAÐR, m. enemy; -VÆNN, a. boding hostilities.*

Ú-FRIÐLIGA, adv. *in an unpeaceful manner (láta ú.); ÚFRIÐLIGR, a. unpeaceful, unruly; ÚFRIÐR, m. war, hostilities; er þeir urðu varir við úfrið, when they found that the enemy was near; ÚFRIÐSAMLIGR, a. unpeaceful, warlike, disturbed; ÚFRIÐSAMR, a. unruly; ÚFRIÐVÆNN, a. unpromising for peace; ÚFRITT, a. n. unpeaceful; e-m er ú., one's life is without rest; ÚFRÍÐLEIKR, m. ugliness; ÚFRÍÐR, a. ugly; ÚFRJÁLS, a. unfree; ÚFRJÓR, a. barren; ÚFRJÓSAMR, a. unfertile, unproductive; ÚFRÓÐLEIKR, m. want of knowledge; ÚFRÓÐLIGA, adv. foolishly (spyrja ú.); ÚFRÓÐLIGR, a. foolish (úfróðlig spurning); ÚFRÓÐR, a. ignorant; ÚFRÝNLIGA, adv. frowningly; ÚFRÝNLIGR, a. frowning; ÚFRÝNN, a. frowning; ÚFRÆGÐ, a. discredit; ÚFRÆGJA (AÐ), v. to defame; ÚFRÆGR, a. inglorious; eigi úfrægari, not less famous; ÚFRÆNDSAMLIGA, adv. unkinsmanlike; ÚFRÆR, a. = úfrjór; ÚFRÆÐI, f. ignorance, lack of information; ÚFRÆKN, a. unwarlike, timid; ÚFFÚINN, a. unrotten; ÚFÚSS, a. unwilling (ú. e-s); ÚFYLGINN, a. not following (ú. e-m); ÚFYRIRIATSAMR, a. intractable, headstrong; ÚFYRIRLEITINN, a. reckless; ÚFYRIRLEITNI, f. recklessness; ÚFYRIRSYNJA, f. want of foresight (þat má þykkja mikil ú.); úfyrirsynju, accidental-*

ly; ÚFÆLILIGA, adv. undauntedly; ÚFÆLINN, a. dauntless; ÚFÆRA, f. (1) impassable place; er ú. at komast þar yfir, it is impossible to cross it; (2) critical state (vera í úfæru); hlaða skip til úfæru, to overload a ship; (3) dangerous task (ek kalla þat vera úfæru at berjast við þá at svá búnu); ÚFÆRÐIR, f. pl. impassableness, esp. from snow (lagði á snjáva ok úfærðir); ÚFÆRI, n. dangerous situation; meiða til úfæris, to disable; ÚFÆRILIGR, a. (1) impracticable, not to be done; (2) impassable; ÚFÆRR, a. (1) impassable (ú. vegr, úfært vatn); (2) disabled (G. var þá ú. fyrir fótarins sakir); (3) impossible (at honum mundi ekki úfært).

ÚFÆRU-VEGR, m. *an impassable road.*

Ú-FÖLR, a. *not pale; ÚFÖR, f. disastrous journey, disaster; esp. in pl. disaster, defeat, ill-luck (gleðjast af úförum e-s); fara úförum fyrir e-m, to be worsted by one; ÚGAGN, n. hurt, harm, loss; ÚGAGNVÆNLIGR, a. unprofitable; ÚGAMAN, n. no pleasure; ÚGAUMGÆFI, f. inattention; ÚGAUMGÆFR, a. heedless; ÚGÁ, f. (1) inattention; (2) careless life (liggja í úgá ok í drykkju); ÚGÆDLIGR, a. disagreeable; ÚGEFINN, pp. (1) not given away; (2) vacant (úgefnað kirkjur); ÚGEGN, a. unreasonable, self-willed; ÚGEGNLIGA, adv. improperly; ÚGEIGVÆNLIGR, a. not dangerous; ÚGENGR, (1) unfit to walk on (íss ú.); (2) unable to walk (var sveinninn ú.); ÚGETINN, pp. (1) not begotten; (2) láta sér úgetit at e-u, to be displeased at; ÚGEYMINN, a. heedless; ÚGILDR, a. unatoned, for whom no wergild has to be paid; falla ú., to be slain with impunity, without liability to wergild; ÚGIPTA, f. ill-luck; ÚGIPTR, pp. not given away, unmarried, of a woman.*

ÚGIPTU-ÁR, n. *hapless year*; -BRAGÐ, n. *ill-boding countenance*; -FULLR, a. *hapless, unlucky*; -LIGA, adv. *haplessly*; -LIGR, a. *of luckless appearance*; -MAÐR, m. *unlucky man*; -SAMLIGA, adv. = úgiptu-liga; -SAMLIGR, a. *hapless looking, evil-boding*; -VERK, n. = úhappaverk.

Ú-GIRNILIGR, a. *undesirable*; ÚGLAÐR, a. *cheerless, gloomy*; ÚGLEÐI, f. *sadness, melancholy*; taka ú., *to grow melancholy*; ÚGLEÐJA (-GLADDA), v. *to make sad* (þarf þik þetta eigi at ú.); impers., úgleðr e-n, *one turns sad*; refl. úgleðjast, *to turn sad* (Ó. úgladdist, er leið á vetrinn); ÚGLÍKR, a. see 'úlíkr'; ÚGLÍMINN, a. *not good at wrestling*; ÚGLØGGT, adv. *not clearly* (sjá, víta ú.); ÚGNÓGLIGR, a. *insufficient*; ÚGNÓGR, a. *insufficient, not enough*; ÚGOLDINN, pp. *unpaid*; ÚGÓÐG-JARN, a. *evil-minded*; ÚGÓÐGJARNLIGR, a. *spiteful*; ÚGÓÐR, a. *bad, wicked*; gera sér úgott at e-u, *to be displeased with*; ÚGRANDVARLIGA, adv. *dishonestly, immorally*; ÚGRANDVERI, f. *dishonesty*; ÚGREIÐA (-GREIDDA), v. *to put in disorder* (ú. e-t fyrir e-m); ÚGREIÐFÖRR, a. *difficult to pass over*; ÚGREIÐI, m. *impediment* (þetta var mér ú.); ÚGREIÐR, a. *unexpedient*; ÚGRIMMIR, a. *not cruel, humane*; ÚGRYNNI, n. *boundlessness, immense quantity of* (ú. fjár, ú. liðs); ÚGRÆÐILIGR, a. *irremediable*; ÚGYLLDR, pp. *ungilt*; ÚGÆFA, f. = úgipta; ÚGÆFR, a. (1) *luckless*; (2) *unruly*.

ÚGÆFU-FULLR, a. *unlucky*; -MAÐR, m. *luckless fellow*; -SAMLIGA, adv. *lucklessly*; -SAMLIGR, a. *luckless-looking*.

ÚGÆTILIGA, adv. *heedlessly, incautiously* (mæla u.); ÚGÆTINN, a. *heedless*; ÚGÖFUGR, a. *not of noble extraction*; ÚGÖRANDI, pr. p. *that cannot be done* (nú er þat

úgörandi); ÚGÖRLA, adv. *not exactly* (víta, sjá ú.); ÚGÖRR, pp. *undone, unaccomplished*; ÚGÖRR, adv. compar. *less clearly* (víta ú.); ÚHAGFELDR, a. *inconvenient*; ÚHAGLIGA, adv. *inconveniently*; ÚHAGLIGR, a. *inconvenient*; ÚHAGNAÐR, m. *inconvenience*; ÚHAGR, a. *unhandy, unskilled*; ÚHAGSTÖÐR, a. *unfavourable* (ú. vindr); ÚHAGVIRKR, a. *unskilled as a worker*; ÚHALDKVÆMR, a. *disadvantageous*; ÚHALLR, a. *not slanting*; ÚHALTR, a. *not lame*; ÚHAMINGJA, f. *bad luck, disaster*.

ÚHAMINGJU-SAMLIGR, a. *evil-looking*.

Ú-HANDLATR, a. *not slow of hand*; ÚHAPP, n. *mishap, ill-luck, misfortune* (korna þér öll úhöpp senn).

ÚHAPPA-DVERGR, m. *wicked dwarf*; -FULLR, a. *unlucky*; -LAUST, adv. *without a mishap occurring*; -MAÐR, m. *unlucky man*; -VERK, n. *unfortunate deed* (vinna hit mesta -verk).

Ú-HARÐFÆRLIGA, adv. *not harshly, gently* (tala ú. til e-s); ÚHARÐMANNLIGR, a. *not hardy*; ÚHARÐNATR, pp. *unhardened*; ÚHARÐSKEYTR, a. *weak as an archer*; ÚHÁSKASAMR, a. *not dangerous*; ÚHÁT-TR, m. *bad habit*; ÚHEFNDR, pp. *unavenged*; ÚHEGNDR, pp. *unpunished*; ÚHEILAGR, a. *unholy; outlawed*; ÚHEILL, a. *insincere*; ÚHEILL, f. *mishap, ill-luck*.

ÚHEILLA-TRÉ, n. *unlucky tree*.

Ú-HEILSAMR, a. *unwholesome*; ÚHEIMI-LA (AÐ), v. *to deprive one of title to* (ú. e-m e-t); ÚHEIMILL, a. *unlawful*; ÚTHEIMSKR, a. *not foolish, intelligent*; ÚHELGA (AÐ), v. *to proclaim a person to be úheila-gr*; ÚHELGI, f. *the state of being úheila-gr*; ÚHEPPILIGA, adv. *unluckily*; ÚHER-MANNLIGR, a. *unmartial, unworthy of a warrior*; ÚHERSKÁR, a. (1) *unmartial*; (2)

not harried by war, of a country (fyrir þá sók var úherskátt í Svíþjóð); ÚHEYRILIGA, adv. *in an unheard-of way, wickedly*; ÚHEYRLIGR, a. *unheard-of, wicked*; ÚHLÍFINN, a. *not sparing oneself*; ÚHLJÓÐ, n. *shoutings*; ÚHLUTDEILINN, a. *unmeddlesome*; ÚHLUTSAMR, a. *unmeddlesome*; ÚHLUTVANDR, a. *dishonest*; ÚHLÝÐINN, a. *disobedient*; ÚHLÝNAST (AÐ), v. *to disobey* (ú. e-m); ÚHLÝÐNI, f. *disobedience*; ÚHNEISTR, pp. *undisgraced*, = úneistr; ÚHNEPPILIGA, adv. *not scantily, fully* (ú. at þriðjungi); ÚHNØGGR, a. *liberal*; ÚHÓF, n. (1) *excess*; (2) *immensity* (ú. kvikfjár).

ÚHÓF-SAMLIGA, adv. *immoderately*; -SAMLIGR, a. *immoderate*; -SAMR, a. *intemperate*; -SEMD, f. *excess*.

Ú-HÓGLIGR, a. *inconvenient, uneasy*; ÚHRAKLIGR, a. *not shabby*; ÚHRAPLLIGA, adv. *unhurriedly, leisurely*; ÚHRAUSTR, a. *weak*; úhraust kona, *a woman with child*; ÚHREININDI, n. pl. *uncleanliness*; ÚHREINLIGA, adv. *uncleanly*; ÚHREINLÍFI, n. = saurlífi; ÚHREINN, a. (1) *unclean* (í þeim stað má ekki vera úhreint); (2) *foul, dangerous, of passage* (úhreint ok skerjótt); þeir sögðu, at úhreint var í ósinum, *that it was infested by a monster*; ÚHREINSA, f. *uncleanliness*; ÚHREYTILIGR, a. *unmanly, not valiant*; ÚHROÐINN, pp. *uncleared, of ships in a battle*; ÚHRÓÐIGR, a. *inglorious*; ÚHRYGGR, a. *unconcerned*; ÚHRÆDDLIGA, adv. *without fear*; ÚHRÆDDR, a. *fearless, unfearing*; ÚHRÆÐLIGA, adv. *fearlessly*; ÚHRÆÐINN, a. *dauntless*; ÚHRÆRILIGR, a. *immovable*; ÚHRÆSSI, n. *a filthy thing, mean fellow*; ÚHRØRLIGR, a. *not ruinous*; ÚHRØRNAÐR, pp. *unwithered, undecayed*; ÚHUGNAÐR, m. *discomfort*; ÚHUGR, m.

gloom, despair (sló á þær úhug miklum ok gráti); ÚHVATR, a. *unvaliant*; ÚHVERFRÆDLIGA, adv. *unwaveringly*; ÚHYGGINN, a. *imprudent*; ÚHYRLIGA, adv. *with an unfriendly look, frowningly*; ÚHÝRLIGR, a. *frowning*; ÚHÝRR, a. *unfriendly-looking, frowning*; ÚHÆTT, a. n. *without danger, safe* (þegar skipum var ú. at halda á milli landa); láta ú. við e-n, *not to plot against one*; as adv., eigi ú., *not without some danger*; ÚHÆTTLIGR, a. *not dangerous*; ÚHÆFA, f. *enormity, wickedness* (væri þat þó en mesta ú. at verða mér ekki at riði); ÚHÆFÐ, f., = úhœfa; ÚHÆFI, n. = úhœfa; ÚHÆFILIGA, adv. *wickedly*; ÚHÆFR, a. *unfitting*; ÚHØGÐ, f. *uneasiness, inconvenience*; ÚHØGILIGA, adv. *uncomfortably*; ÚHØGINDI, n. pl. (1) *uneasiness, difficulty*; (2) *pain, ill-health*; ÚHØGJA (-ÐA), v. *to make uneasy or uncomfortable* (ú. e-m, or fyrir e-m); refl., úhøgjast, *to become uneasy or painful* (tók at ú. sótt hans); ÚHØGLIGR, a. *painful*; ÚHØGR, a. (1) *difficult, hard* (var úhøgt at koma orðum við hann); (2) *painful* (sótt ströng ok úhøg); honum var svá úhøgt, *he felt so uneasy*; (3) *unruly*; ÚHØVERSKA, f. *discourtesy*; ÚHØVERSKR, a. *unmannerly*; ÚHØFÐINGLIGR, a. *unworthy of a great man, undignified*; ÚÍTARLIGR, a. *humble*; ÚJAFN, a. (1) *uneven, unequal* (tveir kostir újafnir); újafnt, *unequally, unfairly* (skip-ta újafnt); (2) *of numbers, odd*.

ÚJAFNAÐAR-FULLR, a. *full of injustice*; -MAÐR, m. *an overbearing-man*.

Ú-JAFNAÐR, m. (1) *inequality*; (2) *injustice, unfairness, tyranny* (hvart man Gunnari hefnað þessi ú.).

ÚJAFN-GIRNI, f. *unfairness*; -GJARN, a. *unfair*; -LIGA, adv. *unequally*; -LIGR, a. *unequal, uneven* (-lig orrusta); -SKIPNAÐR, m.

pp. *unevenly manned*.

Ú-KARLMANNLIGR, a. *unmanly*; ÚKÁTR, a. *gloomy, dismal*; ÚKEMBDR, pp. *unkempt*; ÚKENNDR, pp. (1) *not expressed by a 'kenning'* (úkennd heiti); (2) *not intoxicated*; ÚKENNILIGR, a. *unrecognizable*; ÚKERSKR, a. *weak*; ÚKEYPIS, adv. *gratuitously*; ÚKJÖRLIGR, a. *wretched* (ú. kostr); þótti honum sá hlutr úkjörlligastr, *the worst choice*; ÚKLAKSÁRR, a. *not sensitive, thick-skinned*; ÚKLÚSAÐR, pp. *unhampered*; ÚKLÆDDR, pp. *unclad*; ÚKLÖKKVANDI, pr. p. *unmoved*; sá einn hlutr var svá, at hann mátti aldri ú. um tala, *that he could never speak of it without being moved to tears*; ÚKNÁLIGR, a. *pithless, infirm*; ÚKNÁR, a. *weak, infirm*; ÚKNYTTIR, m. pl. *bad tricks*; ÚKOMINN, pp. (1) *not come*; (2) *future*; ÚKONUNGLIGR, a. *unkingly*; ÚKOSTIGR, a. *wretched*; ÚKOSTR, m. (1) *bad choice*; (2) *fault*; ÚKRISMAÐR, pp. *unanointed*; ÚKRISTILIGR, a. *unchristianlike*; ÚKRISTINN, a. *unchristian*; ÚKRÆSILIGR, a. *undainty, filthy*; ÚKRÖPTUGR, a. *lacking strength, weakly*; ÚKRÖPTULIGR, a. *weak, feeble*; ÚKULSAMR, a. *insensitive to cold*; ÚKULVÍSS, a. *insensitive to cold*; ÚKUNNANDI, f. *ignorance*; ÚKUNNIGR, a. (1) *unknown*; (2) *unacquainted with*; H. brást ú. við þetta, H. *made as if he knew nothing about this*; ÚKUNNILIGA, adv. *like a stranger* (ekki riða þeir ú.); ÚKUNNR, a. *unknown, strange* (ú. e-m); ÚKURTEISI, f. *discourtesy*; ÚKURTEFELIGA, adv. *uncourteously*; ÚKURTEISS, a. *uncourteous*; ÚKVÁNGAÐR, pp. *unmarried*, of a man; ÚKVÆÐINN, pp. *unrecited*, of a poem; ÚKVENSKA, f. *unchastity*; ÚKVIÐINN, a. *unconcerned*; ÚKVÆÐA, ÚKVÆÐI, a. *speechless from*

wonder (verða ú. við e-t).

ÚKVÆÐIS-MÁL, n. *offensive speech*; -ORÐ, n. *abusive word*.

Ú-KVÆNTR, pp. = úkvángaðr; ÚKYNJAN, n. *a noisome thing, monster*; ÚKYNLIGR, a. *not strange*; ÚKYNNI, n. (1) *uncouthness, bad manners, ill-breeding*; (2) *wonders* (valda slíkum úkynnum); ÚKYRR, a. *unquiet*; varrar jarls vóru úkyrrar, *quivered*; ÚKYRRA (-ÐA, -ÐR), v. *to stir*; refl., úkyrrast, *to be stirred, excited*; ÚKYRRLÆIKR, m. *commotion, disturbance*; ÚKYRRLIGR, a. *unquiet, tumultuous*; ÚKYSSILIGR, a. *unkissable*; ÚKÆTI, n. *joylessness*; ÚKÆNN, a. *unwise*; ÚKÆNSKA, f. *ignorance*; ÚLAG, n. *disorder*; í úlagi, *out of order*; ÚLAGAÐR, pp. *unbrewed*; ÚLAMILÐR, pp. *unthrashed*; ÚLATLIGA, adv. *quickly*; ÚLATR, a. *not lazy, eager*; ÚLAUNKÁRR, a. *indiscreet, unreserved* (var hón jafnan -kár af tíðendum); ÚLÁTR, a. *disorderly, unmannered*.

ÚLDNA (AÐ), v. *to decay, rot*.

Ú-LEIÐINGASAMR, a. *not easily led, headstrong*; ÚLEIÐR, a. *not loath, agreeable*; ÚLEIGIS, adv. *without rent*; ÚLENDR, a. *outlandish*; ÚLÉTTR, a. *heavy child* (úléttr kona); ÚLEYFÐR, pp. *unallowed, forbidden*; ÚLEYFI, n., in the phrase, at ú. e-s, *without one's leave*; ÚLEYFLIGA, adv. *without leave*; ÚLEYFILIGR, a. = úleyfðr; ÚLEYNDR, pp. *unhidden*; ÚLEYSILIGR, a. *indissoluble*; ÚLEYSTR, pp. *unreleased, unabsolved*.

ÚLFALDA-HÁR, n. *camel's hair*.

ÚLFALDI, m. *camel*.

ÚLFA-ÞYTR, m. *howling of wolves*.

ÚLF-GRÁR, a. *wolf-grey*; -HAMR, m. *wolf's skin*, a nickname; -HANZKI, m. *a glove of wolfskin, used by a sorceress*; -HEÐINN, m. *wolf's skin, a berserk wear-*

ing a wolf skin; -HÍÐI (-ÍÐI), n. *wolf's lair, wood*; -HUGAÐR, a. *evil-minded, savage*; -HUGR, m. *a wolf's mind, savageness*, = úlfúð; -HVELPR, m. *wolf's cub*; -IÐÍ, n., see úlf-hiði; -LÍÐR, m. *wolf's joint, the wrist* (á hönd fyrir ofan úlflið).

ÚLFR (-S, -AR), m. *wolf*; ala e-m úlfa, to *breed wolves for one, plan mischief* (spyr ek þat frá, at Danir muni enn ala oss úlfa); fig. *enemy*.

ÚLFS-HUGR, m. = úlfhugr; -KJÖPTR, m. *wolfs jaws*; -MUNNR, m. *wolf's mouth*; -RÖDD, f. *wolf's voice*.

ÚLF-ÚÐ, f. = -hugr (fullr upp -úðar); slá á sík -úð, to *get angry*.

Ú-LÍÐ, n. *harm, mischief* (veita e-m ú.); ÚLIÐLIGA, adv. *unhandily, awkwardly*; ÚLIÐLIGR, a. *clumsy*; ÚLIÐMANNLIGA, adv. *awkwardly*; ÚLIFAT, pp. n., in the phrase, eiga skamt úlifat, to *have a short time left to live, be near one's end*; ÚLIFÐR, pp. *dead, deceased*; ÚLIPR, a. *not adroit, clumsy*; ÚLÍFHRÆDDR, a. *not afraid for one's life*; ÚLÍFI, m. = dauði; særa e-n til úlífis, to *wound one to the death*; sárr til úlífis, *wounded to death*.

ÚLÍFIS-MAÐR, m. *a person deserving of death*; -SÖK, f., -VERK, n. *a case or deed worthy of death*.

Ú-LÍFLIGR, a. *not likely to live*; ÚLÍKAMLIGR, a. *not bodily*; ÚLÍKAN, n. *proud flesh*; ÚLÍKINDI, n. pl. (1) *improbability*; (2) *sham, dissimulation* (gera e-t til úlíkinda); ÚLÍKLIGA, adv. *improbably*; hann tók á engu ú., *he did not call it unlikely*; ÚLÍKLIGR, a. *improbable, unlikely* (þótti Þ. ú. til lygi); ÚLÍKR, a. *unlike, different*; ÚLÍTILL, a. *not small, great*; þetta er ú. hert, *no small host*; ÚLJÓSS, a. *dark*; ÚLJÚFR, a. 'unlief', *disagreeable*; ÚLJÚGFRÓÐR, a. *well-informed and truth-*

ful; ÚLJÚGHEITR, a. *making no empty threats*; ÚLOF, n. = úleyfi; at úlofi e-s, *without one's leave*; ÚLOFAÐR, a. *unallowed*; ÚLOFAT, a. *without leave*; ÚLOGINN, pp. *true*; ÚLOKINN, pp. (1) *unshut*; (2) *unpaid* (úloknað skuldir); ÚLUND, f. *ill temper, spleen*.

ÚLUNDAR-MAÐR, m. *ill-tempered man*.

